

A.

VIÐBÆTIR.

**Lagaboð og stjórnarúrskurðir, er
snerta afdrif alþingismála**

1865.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárstjórnarinnar um fjárhags- skilnað Íslands og Danmerkur, dags. 18. janúar 1865.

Í bræfi dagsettu 10. júlímán. f. á. hefir fjárstjórnin látið í ljósi álit sitt um aðskilnað á fjárhag Íslands og konungsríkisins og um fyrirkomulag á fjárhag Íslands, sem um er rætt í bræfi dómsmálastjórnarinnar dagsettu 27. aprilmán. 1863¹, og sem byggt

1) Þetta bréf er svo látandi:

Eins og fjárstjórninni er kunnugt kom út frá dómsmálastjórninni 20. septembermán. 1861 konungleg nmbodsskrá til Tschernings ofursta, Stephensens etazráðs og stjórnardeildarforingja, Bjerrings prófessors, Nutzhorns etazráðs, sem þá var skrifstofuforingi en nú stjórnardeildarforingi og Jóns Sigurðssonar skjalavardar, um að ganga í nefnd, til þess að segja álit sitt og gjöra uppástungur um fyrirkomulag á fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins.

Eins og sjá má á álitaskjali nefndarinnar, er fylgir með bræfi þessu ásamt fylgiskjölum, vorn allir nefndarmenn ásáttir um, að það væri mjög gagnlegt, að fjárhagur Íslands væri aðskilinn frá fjárhag konungsveldisins, og vorn 4 af nefndarnöfnum (Tscherning, Stephensen, Bjerring og Nutzhorn) á því máli, að Ísland hvorki nú geti lagt fram svo mikið fé, sem þarf til að framkvæma stjórn landsins m. m., nè heldur muni bráðlega verða fært um það og þess vegna beri, þegar fjárbagsaðskilnaðurinn á sér stað, að veita því hæfilegt fé til þessa. En aptur á móti álltur hinn 5. nefndarmaður, Jón Sigurðsson, að Ísland eigi nægileg efni, ef því ekki sé synjað um sanngjarnlega metnar bætur fyrir binar sérstaklegu þjófdeignir þess, er það hafi miset, og fyrir of miklar álögur, sem á það hafa verið lagðar með verzlunareinokuninni; eptir reikningi hans á endurgjald þetta að vera fólgið í fébótum, er svari til árgjalds að upphæð 119,724 rd. 92 sk., og sem greiða ætti úr sjóði konungsríkisins, en að Ísland fyrst um sinn eigi að leggja 20,000 rd. árlega til almennra ríkisþarfa af árgjaldi þessu.

Dómsmálastjórnin hlýtur að vera nefndinni samdóma um það, að það væri æskilegt, að fjárhagur Íslands væri aðskilinn frá fjárhag konungsríkisins, og það er hvortveggja, að þetta hefir verið viðurkennt bæði af hálfu ríkisþingsins og alþingis, enda liggur það svo í augum uppi, þegar titið er á málið sjálft og á hin heillaríku áhrif, sem aðskilnaðurinn efalaust mun hafa á framfarir Íslands í líkamlegu tilliti, að vèr verðum að álíta það óþarft, að sýna nákvæmar fram á, hversu gagnlegur aðskilnaðurinn hlýtur að vera. Dómsmálastjórnin verður enn fremur

er á uppástungum þeim, sem gjörðar hafa verið af nefnd þeirri, sem sett var með konunglegri umboðsskrá frá 20. septembermán. 1861, einkum uppástungu hins fyrsta minni hluta.

að vera samdóma meiri hluta nefndarinnar um það, að það sè öldungis nauðsynlegt, að Íslandi sè veitt tillag til að standast gjöld sín, og skal viðvikjandi því, sem Jón Sigurðsson hefir sagt um, að Ísland eptir því sem hann hefir ráð fyrir gjört, þurfi engan styrk, skýrskotað til þess, sem hér á eptir mun verða sagt þar að lútandi. Um stærð tillagsins hafa nefndarmenn ekki getað komið sèr saman um neina sameiginlega uppástungu, heldur hafa tvær ólíkar skoðanir komið fram. Tveir nefndarmenn (Tscherning og Stephensen), sem vèr hér á eptir til málástyttingar munum kalla hinu fyrsta minni hluta, hafa sem sè stungið upp á, að Íslandi sè greitt úr sjóði konungsríkisins 29,500 rd. sem ævarandi árgjald, og 12,500 rd. sem bráðabyrgðartillag, er að 10 árum liðnum eigi að fara minnkandi um 500 rd. á ári, þannig að það að 35 árum liðnum hætti að fullu og öllu. Aðrir tveir nefndarmenn (Bjerring og Nutzhorn) — hinn annar minni hluti — hafa stungið upp á, að konungsríkið greiddi Íslandi fast árgjald 12,000 rd. að upphæð en 30,000 rd. sem bráðabyrgðartillag, er að 6 árum liðnum fari minnkandi um 2,000 rd. á ári, og hætti þá alveg að 21 ári liðnu.

Viðvikjandi ástæðum þeim, sem hafa verið tilfærðar fyrir uppástungunum, skal vísað í hin sèrstaklegu álitsskjöl, sem eru meðal fylgiskjalanna, og eru auðkennd „nr. 1“, „nr. 2 a og b“ og „nr. 3 a og b“, og skal þess getið, að uppástunga sú, sem Jón Sigurðsson — hinn þriðji minni hluti — hefir komið fram með, er byggð á svo einstrengingslegum og röngum skilningi á öllu því, sem suertir stöðu Íslands, og yfir höfuð að tala svo löguð, að það getur ekki verið umtalsmál að leggja hana til grundvallar, þegar málefni þetta er leitt til lykta. Vèr skulum því einasta skýrskota til þess, sem hinir nefndarmennirnir, einkum hinn annar minni hluti, hafa komið fram með þar að lútandi, og má þar við bæta, að uppástunga þessi að mestu leyti er byggð á ímynduðum grundvelli, það er að segja á því, hvað Ísland hefði átt, ef vissar stjórnarráðstafanir (jarðasalan) ekki hefðu verið gjörðar, þar sem heimtað er, að bæturnar fyrir hinar seldu konungsjarðir og stólsjarðir skuli ákveðnar eptir afgjaldinu af jörðunum, meðan þær voru enn óseldar, þó svo, að afgjöldin sèu metin eptir því verðlagi, sem nú er. Þar að auki er farið fram á, að bæturnar fyrir konungsjarðirnar sèu reiknaðar ekki eptir þeim tekjum, sem fengust af jörðunum, þegar þær voru seldar, heldur þegar þær voru teknar undir krónuna eptir íslenskri jarðabók frá 1579 (sjá reikning þann, sem fylgir með athugasemdum Jóns Sigurðssonar, dags. 23. októbermán. 1861), en fyrir stólsjarðirnar er aptur á móti ekki heimtað meira en tekjur þær, sem af þeim fengust, þegar þær voru seldar.

Þessar kröfur eru svo lagaðar, að dómsmálastjórnin álitur óþarft að sýna nákvæmar fram á það, að ekki verður fallið á þær. Þó álitum vèr réttast að geta

Leyfum vèr oss nú að fara nokkrum um það, sem fjárhagsstjórnin hefir sagt um þetta mál.

Þess um sölu jarðagózins yfir höfuð að tala, að hún hefir ávallt farið fram eptir uppástungu yfirvalda þeirra á Íslandi, sem hlut áttu að máli, og að, auk þess að séð hefir verið um, að ríkissjóðurinn ekki biði neitt tjón við söluna, hafa menn og haft það fyrir augum sér, sem hefir þótt miklu varða, að styðja að því, að sjálfseignarbændur fjölguðu á landinu, og hvað sérstaklega snertir söluna á stólsgózunum, sem einkanlega hefir verið haft á móti, þá má eigi gleyma því, að hún fór fram eptir uppástungu nefnda, er skipaðar voru til að íhuga og segja álit sitt um, hvað hagfelldast væri í því efni, og sèst það einkum af ástæðunum fyrir konungsbræfi 29. aprílmán. 1785, að nefndarmenn hafa allir verið á eitt sáttir um að ráða til, að Skálholtsstólsgózin væru seld. Hið sama var og um söluna á Hólastóls jörðum, sjá kansellibréf 13. októbermán. 1801; en á hinn bóginn fóru skoðanir manna í ýmsar áttir um það, hvort réttara mundi að leggja niður skólan á Hólum og steypa honum saman við skólann í Reykjavík, eður að halda honum áfram og flytja hann á Akureyri. Þannig viðurkenudu allir á heim tímum, að salan á jörðunum væri skólanum í hag, og þar við bættist sérstaklega sú ástæða um Skálholtsstóls jarðirnar, að byskupssetrið sjálft og að nokkru leyti einnig hinar stólsjarðirnar höfðu skemmt svo mikið af eldgosi, að ísjárvert þótti að láta skólann og byskupsstólinn vera framvegis í Skálholti

Hvað uppástungu hins annars minni hluta snertir, sem gjörir minnstar kröfur gegn ríkissjóðnum, er það álit dómsmálastjórnarinnar, að tillag það, sem þar er stungið upp á, og að mestu leyti er bráðabyrgðartillag, muni ekki verða nægilegt. Vèr skulum um það sér í lagi taka fram, að jarðir þær, sem skólarnir á Íslandi áttu, og sem voru álitnar nægilegar til þarfa þeirra, hafa seinna verið teknar frá heim og seldar, og hefir andvirðið runnið inn í ríkissjóðinn. Af þessu leiðir, að útgjöldin handa skólunum hafa síðan verið greidd úr ríkissjóðnum. Að vísu voru gjörðir upp reikningarnir milli skólans og ríkissjóðsins árið 1834, og var síðan ákveðið með konungsúrskurði 12. aprílmán. 1844, að skólanum skyldu veittir 5,380 rd. á ári sem jafnvirði hinna seldu jarða, en þar eð fé þetta ekki hrökk til, eptir því sem þarfir skólans uxu, hefir það, sem þurft hefir fram yfir bæði handa skólanum og handa prestaskóla þeim, sem seinna hefir verið stofnaður í Reykjavík, verið veitt úr ríkissjóðnum, svo að gjöldin handa skólunum nú eru um 18000 rd. auk launaviðbótar eptir kornverði. Ef að Íslandi nú væri fengið í hendur að annast skólana framvegis, og um leið einungis veitt fé það, sem fyrr var um getið, 5,380 rd. á ári, liggur það að vorri hyggju í augum uppi, að Íslandi með því yrði lögð byrði á herðar, sem það ekki gæti risið undir. Hvað bæturnar fyrir hinar seldu konungsjarðir snertir, þá gæti það haft ískyggilegar afleiðingar í fúr með sér, ef þær væru veittar. Að vísu eru afgangin af konungsjörðum þeim, sem enn eru óseldar, taldar meðal tekja Íslands, og menn hafa

Um hinn íslenska styrktarsjóð (kollektuféð) leyfum vèr oss að vísa til þegnlegrar uppástungu, sem í eptirriti fylgir bréfi þessu,

ráðið af því, að leigurnar af andvirði þess hlutans, sem seldur hefir verið, ætti þá einnig að renna inn í hinn sérstaklega sjóð Íslands, þegar búið væri að aðskilja fjárhag þess frá fjárhag konungsríkisins, en þessi ástæða er engan veginn einhlít og það því síður, sam það sjálfsagt er vafasamt, hvort að það í rann og vern er rétt, að skoða afgjöldin af hinum óseldu konungsjórðum sem sérstaklegar íslenskar tekjur.

Það sem mestu varðar er samt það, að Ísland án alls efa yrði að álíta sér ófært að ganga að þeim kostum, sem sá minni hluti nefndarinnar, er hér er um rætt, hefir stungið upp á. Þegar launaviðbætur þær, sem nýlega hafa verið veittar, og eptirlaunin eru tekin til greina, er mismunurinn á gjöldum og tekjum Íslands nú sem stendur um 40,000 rd. Með því að ekki eru tilfærð á ríkisreikningi Íslands önnur gjöld en þau, sem álíta má að ekki verði hjá komizt, mun ekki verða auðið að færa þan niður; en aptur á móti mun sjálfsagt bráðlega verða þörf á að hækka þan, svo að ýmsar ráðstafanir verði framkvæmdar, sem álíta má mjög nauðsynlegar. Hinu fyrsti minni hluti nefndarinnar hefir á hinn bóginn sýnt fram á, að engar líkur sèn til, að tekjurnar muni aukast í bráð, svo nokkru muni, og það er því mjög líklegt, að svo mundi fara, að alþingi mundi heldur kjósa, að það fyrirkomulag, sem nú er, haldist óhreytt, en að ráðast í að taka að sér fjárhag Íslands með ónógum eðnum. Skipulag það, sem nú er, mun samt innan skamms reynast mjög svo óhentugt. Ef ekkert samkomulag kemst á, mun framvegis, eíus og nú, komið með umkvartanir frá Íslands hálfu yfir því, að ástandi því, sem nú er, sè mjög ábótavant, og krafft verða, að veitt sè sè til nýrra ráðstafaúa, sem álíta megi nauðsynlegar landiun til framfara, og það jafnvel fastlegar en hingað til, þar sem bæði Íslendingar hafa farið sér hægur á seinni árum vegna þess, að búizt hefir verið við breytingu á fjárhagssambandinu, og stjórnarráðið hins vegar hingað til hefir haft þar gilda ástæðu til þess að fara ekki fram á, að veitt sè meira sè handa Íslandi en ekki verður þjá komizt. En framvegis mun veita erfitt að neita kröfum nm, að veitt sè meira sè, og hinsvegar er það náttúrlegt, að ríkisþingið sè ófúst á að veita mikið sè, meðan tekjurnar ekki geta aukizt.

Það er einkum af þessum ástæðum og vegna þess, hvernig fara mundi, ef tillag það, sem veitt væri, reyndist ónógt, að hinn fyrsti minni hluti nefndarinnar ekki hefir getað fallizt á uppástungu hins annars minni hluta, þar á móti heldur hann, að ef málefni þessu er ráðið til lykta á þann hátt, sem hann hefir stungið upp á og getið er um hér að framan, muni báðir málspartarnir hafa hag af úrslitunum.

Ef málefnið fyrst og fremst er skoðað frá hálfu konungsríkisins, þá er svo komið, að ríkisþingið á ekki hægt með að skorast undan að leggja til það sem

dags. 5. maímán. 1857, og er þar ítarlega skýrt frá því málefni. Krafa sú, að sjóð þessum sé skilað aptur, er einkum byggð á því,

á vantar til nauðsynlegra þarfa Íslands. Þarfnar munu, eins og vikið er á hér að framan, allt af verða meiri og meiri, svo að ekki verður hægt að hafna kröfum þeim, sem af þeim leiða, en á hlun bóginu munu tilraunir til að koma á nýjum tekjugreinum mæta mótspyrnu af Íslendinga hálfu, sem erfitt mun veita að yfirbuga. Ef að málinu er ráðið til lykta á þann hátt, sem hér er stungið upp á, kemst ríkissjóðurinn hjá að greiða meira tillag, en hann greiðir nú, og enn hlýtur að greiða fyrst um sinn, og ef að bráðabyrgðartillagið smátt og smátt er fært niður og hættir alveg að 35 árum liðnum, má fullyrða, að það sem konungsríkið leggur í sölurnar með því að veita Íslandi hið fasta árlega tillag sem stungið er upp á, er miklu minna, en það, sem það ekki gæti komizt hjá að leggja í sölurnar, ef það fyrirkomulag á fjárhagssambandinu, sem nú er, hældist. Í öðru lagi mun Ísland hafa þann hag á aðskilnaði með þessum kjörum, að það fær efni í hendur til þess að skipa fjármálefnum sínum á þann hátt, sem alþingi álitir haganlegastan. Það er líka mjög svo æskilegt, að Ísland sé gjört svo úr garði við aðskilnaðinn, að það ekki einungis sé ekki hætt við, að Ísland neyðist til að hverfa aptur til þess að leita hjálpar hjá konungsríkinu, heldur að líkindi séu til, að það framvegis með skynsamlegri sparsemi og með því smátt og smátt að auka tekjur sínar verði fært um að koma á endurbótum þeim, sem þörf er á, og stjórnið ekki getur framkvæmt, eins og nú er ástatt.

Vér verðum öldungis að fallast á uppástungu þessa minni hluta nefndarinnar um, að veitt sé talsvert fast tillag, því ef að Ísland ætti ekki slíkan fastan sjóð, sem það ætti vísan, hvornig sem færi, gæti það, ef eitthvað óvænt bæri að höndum, sem mjög er hætt við eptir landsháttum á Íslandi, komizt í kröggur, sem það ekki gæti komizt úr aptur eptir að það hefði misst athvarf það sem það hefir allt af haft, þar sem konungsríkið er, þegar það hefir ratað í miklar og óvæntar raunir; og ef að svo færi, að efnabagur Íslands kæmist í svo gott horf, að það gæti látið í tæ tillag til almennra ríkisþarfa, þá er það eðlilegt og rétt, að Ísland npp frá því, eins og þessi minni hluti nefndarinnar hefir vikið á, greiði saungjarnlegt tillag til þeirra, og verði þá um leið bluttakandi í fulltrúahlengi því, sem hefir nmráðin yfir þeim.

Einnig virðist að vorri hyggju vera ástæða til að hafa tillit til hinnar langvinnu verzlunareinkunar, þegar ákvæðið er tillag það, sem veita á Íslandi, þar sem álsta má, að einokunin hafi tálmað fyrir framförum landsins og sé orsök í, að velmegun þess nú er á lægra stigi, en hún að líkindum hefði verið, ef verzlunin hefði verið frjálsum. Því þó að það geti ekki verið umtalsmál að fara að eins og hinu 3. minni hluti nefndarinnar hefir stungið upp á, það er að segja að til-taka vissa upphæð sem bætur fyrir það óbeinlínis tjón, sem verzlunareinkunin hefir ollað Íslandi, þá er víst um það, að full orsök er til að sanngjarnlegt tillit sé haft til þessa atriðis.

að fè þetta sè í raun og veru geymslufè, sem ekki hafi mátt eyða af, en konungsráskurður dags. 29. marzmán. 1786 ber með sèr, að fè þetta engan veginn var sett í rikisskuldaskjóðinn í þeim tilgangi, að það ætti að geyma það um aldur og æfi, heldur til þess að það væri geymt og ávaxtað fyrst um sinn, þangað til því yrði varið á þann hátt, sem til var ætlazt, þegar það var gefið; það er að segja til þess að hjálpa þeim, sem urðu fyrir tjóni í jarðeldinum, og að það því mátti taka af því smátt og smátt, þegar þurfa þótti. Það virðist því að vera vitaskuld, að endurgjalda átti úr kollektuskjóðnum fè það, sem borgað hafði verið fyrirfram úr rikissjóðnum til þessa áforms, og þó það væri ekki endurgoldið strax eptir, virðist engin ástæða vera til fyrir það að synja um endurgjaldið, þegar útkljáð var um skuldaskipti rikissjóðsins og rikisskuldaskjóðsins.

Þar sem fjárstjórnin mælir fram með því, að allar þær tekjur skuli renna inn í sjóð Íslands sem sérstaklegar tekjur, er hingað til hafa verið taldar Íslandi í fjárhagslögnum, þá er dómsmálastjórnin því öldungis samdóma, og það því fremur sem það er samkvæmt því, sem allir nefndarmenn hafa stungið upp á í 5.

Dómsmálastjórnin fær því ekki betur sèð, en að uppástunga hins fyrsta minni hluta nefndarinnar sè að öllu leyti bezt til þess fallin að vera lögð til grundvallar, þegar málið verður rætt framvegis, og á þá að vorri hyggju að fara svo að, að það sè fyrst lagt fyrir alþingi eins og álitismál því til ihugunar og síðan fyrir rikisþingið eins og frumvarp til laga um að samband það sem hingað til verið hefir milli fjárhags konungsríkisins og Íslands, skuli vera á enda.

Þess skal enn getið, að dómsmálastjórnin hlýtur að fallast á álit það, sem meiri hluti nefndarinnar hefir látið í ljósi um hinn íslenska kollektuskjóð í hinu öðru niðurlagsatriði aðalálitsskjalsins, og að vèr viljum sérstaklega vekja athygli fjárstjórnarinnar á hinu áttunda niðurlagsatriði um það, í hvaða formi ákvörðunin um fjártillagið sè gjörð, en að vèr ekki álitum vera ástæðu til að svo stöddu að tala frekar um hin önnur atriði, sem drepið er á í álitsskjallinu, með því að það, hvernig réttast sè að haga þeim, að mestu leyti er komið undir því, hvernig aðskilnaðinum á fjárhag konungsríkisins og Íslands verður hagað; að endingu skal því við bætt, að þó að fjárhagsmálið sè mjög nátengt hinu íslenska stjórnarskipunarmáli, þá hefir dómsmálastjórnin álititð réttast, áður en samið sè frumvarp til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, að heyra álit alþingis um fjárhagsmálið, með því það mál einungis getur komið til umræðu á rikisþinginu.

Að svo mæltu leyfum vèr oss að biðja hina heiðruðu fjárstjórn um, að skýra oss frá álitu sínu um þetta mál og senda um leið aptur skjöl þau, er fylgja með bréfi þessu.

tölulið. Aptur á móti voru nefndarmenn ekki á eitt sáttir um það, hvernig fara ætti með nýjar tekjur, sem seinna kunna að verða fyrir skipaðar. Eins og sjá má á 6. uppástungugrein, voru fjórir nefndarmanna á því máli, að allar tekjur af þjóðjörðunum og allir óbeinlínis skattar og afgjöld (einkum af verzluninni), sem seinna meir kunna að verða fyrir skipuð, eigi að renna inn í sjóð Íslands, aptur áleit hinn 5. nefndarmaður (sjá upphaf 6. uppástungugreinar), að ekki eigi að tilfæra hinar nýju óbeinlínis tekjur sem sérstaklegar tekjur Íslands; en þegar þetta er borið saman við það, sem hinn sami nefndarmaður hefir stungið upp á í 5. tölulið, er það ekki öldungis ljóst, hvort hann ætlast til að sama sé um tekjurnar af þjóðjörðunum. Fjárstjórnin hefir ekki sagt neitt sérstaklega um þetta atriði, en einasta nefnt þær tekjur, sem hingað til hafa verið taldar Íslandi í fjárhagslögnum. Það má samt ætla, að hin heiðraða fjárstjórn sé á sama máli um þetta atriði og meiri hluti nefndarinnar, einkum af því, hvernig fjárstjórnin hefir farið orðum um, að engin ástæða sé til, hvað Ísland snertir, að gjöra mun á sameiginlegum og sérstaklegum tekjum, enda er það einnig þessu samkvæmt, að fjárstjórnin hefir gjört ráð fyrir, að tollur sá, sem hún hefir stungið upp á, renni inn í sjóð Íslands.

Þar sem fjárstjórnin er mótmælt uppástungu tveggja minni hluta nefndarinnar um, að veita skuli Íslandi sumpart fast árlegt tillag, er ákveðið sé einu sinni fyrir öll, og sumpart bráðabyrgðartillag, er fari mionkandi smátt og smátt, en í stað þess heldur því fram, að fast tillag sé veitt einungis í 6 eða 8 ár, og að síðan sé á ný ákveðið, hversu mikið tillagið úr því eigi að vera, þá fær dómsmálastjórnin ekki betur séð, en að þetta fyrirkomulag sé miður haganlegt, enda má gjöra ráð fyrir, að alþingi með engu móti muni láta sér það lynda. Allir nefndarmenn voru á eitt sáttir um það, að það fyrirkomulag sem nú verður komið á sé gjört fyrir fullt og allt, og það er efalaust, að Íslendingum mun þykja það atriði í málinu mestu varða, enda virðist full ástæða vera til þess. Ef að veitt er fast ákveðið ævarandi árgjald, fær Ísland fastan sjóð, sem það á allt af vísan, en að öðrum kosti er það mjög ísjárvert fyrir Ísland að taka að sér umráðin yfir fjárhag sínum og með því afsala sér tillagi því, sem það nú fær úr rikissjóðnum. Hinn fyrsti minni hluti í nefndinni hefir sér í lagi sýnt fram á það, hversu erfitt alþingi muni veita að koma á nýjum tekjugrein-

um eða að auka þær tekjur sem nú eru, og á hinn bóginn er hætt við, eptir því hvernig ástætt er á Íslandi (hallæri, jarðeldar og fleira), að það kunni að rata í raunir, sem menn ekki geta búizt við, og sem það ekki getur komizt úr af eigin rammleik, þar sem landsmenn eru svo fáir og fátækir. Til dæmis um þetta má heimfæra fjárkláðann, þar sem veita varð aukahjálp, um 30,000 rd., úr ríkissjóðnum. En að því slepptu mundi óvissan um, hversu hversu mikið tillag menn gætu búizt við að fá, mjög tálma fyrir framkvæmdum alþingis. Alþingi væri ófært að gjöra ráðstafanir fyrir ókominn tíma, það gæti ekki komið á þeim endurbótum eða ráðizt í þess konar mikilsvarðandi fyrirtæki, sem þyrfti að leggja fê til um langan tíma, t. a. m. að komi á gufuskipsferðum kringum landið, vegabótum, betri póstgöngum og fleiru. Þar að auki mundi þessi uppástunga fjárstjórnarinnar hafa mjög svo slæm áhrif á viðleitni alþingis til að koma á nýjum tekjum; því það er enginn efi á, að allt mundi þá haldast í sama horfinu og nú er, það er að segja, að landsmenn mundu ekki vera fúsir á að leggja á sig nýja skatta, en gjöra sêr von um að fá það sem á vantaði frá Danmörku; þeir mundu að líkindum halda, að því meiri tekjur sem fengjust úr landinu sjálfu, þeim mun minna mundi tillagið hêðan verða. Að síðustu er það athugavert, að Íslendingar með þessu móti yrðu undir nokkurs konar umsjón hêðan, sem þeim ekki mundi líka. Það mundi því reka að því, að Íslendingar að svo miklu leyti sem auðið er, létu allt standa í stað, og leituðust við að sýna fram á, að þeir með engu móti gætu verið án sama tillags og að undanfögnu.

Að vísu er það eigi alllitið fê, sem Danmörk yrði að leggja í sölurnar, ef veitt væri hið fasta tillag, sem stungið er upp á, hêrumbil 30,000 rd., en tilkostnaðurinn verður að vorri hyggju ekki minni, ef menn láta það ástand haldast sem nú er; því að reynslan hefir sýnt fram á, hversu mjög sem menn leitast við að láta útgjöld Íslands ekki fara vaxandi, hefir ekki orðið hjá því komizt, ef stjórn landsins ekki á að fara hnignandi. Og þó menn um langan tíma hafi leitt hjá sêr mýmörg mikil gjöld, sem alþingi hefir beðið um, hafa samt nú a síðustu árunum bætt við nokkur ný gjöld, svo að útgjöld Íslands hafa vaxið ekki all-litið, og jafnvel svo mjög, að sú raunin er orðin á, að áætlanir þær, sem hinn fyrsti hluti nefndarinnar hefir gjört, eru oflagar. Til dæmis um það má til færa, að hêrum bil 8000 rd. voru veittir með lögun-

um frá 19. janúarmán. 1863 til launaviðbótar handa enbættismönnum á Íslandi, þar sem nefndarmenn þeir, sem nú voru nefndir, ekki höfðu ætlazt á meiri en 5000 rdl.; þar að auki hefir í þessa árs fjárlögum verið veitt ný viðbót 1600 rdl. við ölmusurnar handa latínuskólanum. Á hinn bóginn verður ekki hjá því komizt, að óánægjan verður æ meiri og meiri út af því, að endurbótum þeim, sem alþingi álitur nauðsynlegar, er sleppt, og það mundi veita mjög erfitt að fá liðsinni alþingis til að leggja á nýja skatta, meðan ekki er búið að aðskilja fjárhag Íslands frá fjárhag konungsríkisins.

Að síðustu skulum vèr um þetta efni geta þess, að þó að vèr hljótum að vera fjárstjórninni samdóma um það, að ekki hafi verið brotið á móti réttindum Íslands með því að selja þjóðjarðirnar og stólsgózin, og að engin gild ástæða sè til að kvarta yfir því, að andvirði fyrir jarðirnar hafi runnið inn í ríkissjóðinn, án þess að leigurnar hafi verið taldar sem tekjur fyrir Ísland, meðan það fær tillag úr ríkissjóðnum, sem er miklu meira en leigurnar af andvirði hinna seldu jarða, þá verður þó ekki hjá því komizt, þegar aðskilja á fjárhag Íslands frá fjárhag konungsríkisins, að hafa tililit til sölunnar, um leið og Íslandi eru fengnar hinar enn þá óseldu þjóðjarðir í hendur til umráða framvegis, eins og sérstök eign þess.

Eptir því, sem nú hefir sagt verið, hlýtur dómsmálastjórnin að vera á sama máli um þetta aðalatriði málsins, og fyrr.

Dómsmálastjórnin er samdóma fjárstjórninni um það, að það eigi vel við að hugleiða, hvort og hvernig fá megi meiri tekjur af Íslandi, um leið og rætt er um sjálfan fjárhagsaðskilnaðinn, og það er án efa á góðum rökum byggt, að hin heiðraða fjárstjórn hefir leitt athygli að hinni íslenzku verzlun.

Eptir að búið var að leysa verzlun þessa úr böndum þeim, sem hún fyrrum var hneppt í, virðist ekki lengur vera næg ástæða til þess að láta hana vera lausa við þær álögur, sem goldnar eru hvervetna annarstaðar, einkum toll af vörum þeim, sem annaðhvort eru hreinar óþarfavörur, t. a. m. áfengir drykkir og tóbak, eða því sem næst, t. a. m. kaffi og sykur, sem jafnvel verða beinlínis óþarfavörur, þegar þeirra er neytt í óhófi, eins og eigi óviða mun gjört vera, og virðist því síður vera ástæða til þess, sem verzlunin einkum á síðari árum hefir verið mjög ábata-söm fyrir landsmenn. Það er þó einkum komið undir tvennu,

hvort tilætlun sú, sem fjárstjórnin hefir drepið á, verður framkvæmd. Í fyrsta lagi, hversu miklum tekjum menn geta búizt við af tolli þeim, sem fjárstjórnin hefir stungið upp á, og í öðru lagi hversu mikinn kostnað þyrfti til tollumsjónar þeirrar, sem hafa verður.

Fjárstjórnin hefir vísað til bréfs frá generaltollkammerinu, dags. 29. febrúarmán. 1848, og er í því gjört ráð fyrir, að tekjurnar af tollinum yrðu hér um bil 22,000 rd., en kostnaðurinn ekki nema 15,500 rd. Það liggur nú í augum uppi, að það væri ógjörningur að fara að koma á tollstjórn, þar sem eptirtekjurnar ekki eru meiri. Eptir uppástungu generaltollkammersins átti að leggja aðflutningstoll á þessar vörur.

- a, Alls konar útlendan baðmullar- og lèreptsvefnað, 7 skildinga á pundið, verða: 3,760 rd. (þ. e. af 51,000 pundum).
- b, Alls konar áfenga drykki, 2 sk. á pottinn: 11,670 rd. (þ. e. af 373,140 pottum).
- c, Kaffi, 2 sk. á pundið, 3,740 rd. (þ. e. af 180,000 pundum).
- d, Alls konar sykur, 1½ sk. á pundið, 520 rd. (þ. e. af 33,000 pundum).
- e, Alls konar tóbak, 2 sk. á pundið, 2,560 rd. (þ. e. af 122,830 pundum).

Við þessa áætlun er það þó athugavert, að eptir því sem Rosenörn stiptamtmaður skýrði frá, er meira aðflutt af kaffi, og þó einkum af sykri, en gjört er ráð fyrir, og mætti að hans ætlun setja 230,000 pund af hvoru fyrir sig, en aptur hélt hann, að áætlunin um hinar vörurnar væri hér um bil rétt.

Á lista þann, er fjárstjórnin hefir sent oss yfir vörur, sem fluttar hafa verið frá konungsríkinu til Íslands, hefir fjárstjórnin sett hinar sömu vörutegundir og generaltollkammerið, nema baðmullar- og lèreptsvefnað, en aptur bætt við þrem nýjum vörum, það er að segja hampi, járn og köðlum. En með því, að þessar þrjár vörutegundir eru nauðsynjavörur, einkum á Íslandi, og að því leyti jafnast við salt og timbur (sbr. bréf generaltollkammersins), virðist eigi vera rétt að leggja skatt á þær, heldur einasta á vörutegundir þær, sem generaltollkammerið hefir talið upp, og jafnvel að sleppa baðmullar- og lèreptsvarningi, eins og fjárstjórnin virðist ætlast til. Það er þessu næst aðgæzluvert, að þar sem generaltollkammerið í uppástungu sinni tók tillit til alls þess, sem aðflutt var til Íslands, er á lista þeim, sem hin heiðraða fjár-

fjárstjórn hefir samið, einasta tilfært það, sem aðflutt hefir verið frá konungsríkinu. Sökum þessa, og af því að sumt hlýtur að vera rangt, sem stendur á listanum, einkum um hversu mikið flutt hafi verið af kaffi og sykri til Íslands árin 1861 og 1862, höfum vèr látið semja eptir verzlunarskýrslunum fyrir árið 1863 yfirlit yfir, hversu mikið hefir verið flutt til Íslands þessi ár af þeim fjórum vörutegundum, sem um var rætt. Þegar það nú er borið saman við áætlanirnar í bréfi generaltollkammersins, má sjá, að aðflutningur af tóbaki hefir nokkuð minnkað, en að aðflutningur af hinum 3 vörutegundunum hefir farið svo mjög vaxandi, að þar sem tekjurnar af þessum fjórum vörutegundum voru metnar alls 18,490 rd. árið 1845, mundu þær nú, ef sami tollur væri lagður á þær, verða nálega helmingi meiri eða 35,186 rd. 57 sk., og þó að farið sé eptir skýrslu Rosenörns stiptamtmanns, er munurinn samt mjög mikill. Þar að auki virðist eigi þurfa að hika sér við að láta tollinn af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum vera 4 skildinga af pottinum, og yxu tekjurnar við það um 6,051 rd. 74 sk., og mætti þá ætlast á, að þær yrðu að öllu samtöldu 41,328 rd. 35 sk. Aptur á móti finnst dómsmálastjórninni efi á, hvort rétt sé að hækka tollinn af hinum vörunum, einkum kaffi og sykri, því að nokkru leyti má skoða kaffi og sykur sem nauðsynjavörur. Þess ber enn fremur að geta, að menn geta ekki fullkomlega reitt sig á verzlunarskýrslurnar, því þær eru búnar til eptir skýrslum íslenzku kaupmannanna, en engin tollumsjón er til þess að geta rannsakað, hvort þær sé réttar. En það er samt nokkurn veginn áreiðanlegt, að ekki hefir verið aðflutt minna, en skýrt er frá, enda má sjá, að munurinn á öllum aðflutningum eptir skýrslu fjárstjórnarinnar, er ekki eins mikill og við hefði mátt búast, svo mesti hlutinn eptir því er fluttur hëðan.

Hvað þessu næst snertir kostnaðinn við að koma á tollstjórn á Íslandi, þá hafði generaltollkammerið, eins og áður er sagt, ætlast á, að hann yrði 15,500 rd. á ári, að ótöldum vöxtum af 24,000 rd., er þyrftu fyrir tollgæzluskip og áhöld, eður alls frá 16 til 17,000 rd., þar sem rentukammerið aptur á móti hafði búizt við, að kostnaðurinn allur yrði 42,000 rd. En við þetta er aðgæsluvert, að nú þyrfti að hafa tollheimtustað á Vestmanna-eyjum (sbr. lög 15. aprílmán. 1854, 2. gr.), og þó að mátt hefði láta mann þann (Rosenörn), sem var stiptamtmaður, þegar generaltollkammerið bjó til uppástungu sína, hafa á hendi yfirtollstjórna,

þar sem hann hafði sérstaklega þekkingu á tollmálefnum, þá verður ekki við því búizt, að stiptamtmaðurinn almennt hafi þá þekkingu á þeim efnum, sem þörf er á, svo að nauðsyn væri á að skipa tollumsjónarmann, sem yrði látinn hafa alla yfirtollstjórn á landinu, að minnsta kosti yrði ekki hjá því komizt, þegar tollumsjóninni fyrst væri á komið, þar sem Íslendingar eru henni öldungis ókunnir. Til þessa þyrfti þá 2 eða 3,000 rd. Í áætluninni er heldur ekki tilfært neitt fê fyrir endurskoðun á reikningum, nè fyrir að semja hagfræðisskýrslur um tollinn, en það yrði að vera gjört hér, og það er vafasamt, hvort leggja mætti tollembættismönnunum hér á herðar, að hafa borgunarlaust á hendi hina nýju tollafgreiðslu á skipum, sem fara til Íslands, og mundi það að mestu leyti lenda á Kaupmannahöfn.

Eptir því, sem nú hefir sagt verið, má búast við, að kostnaðurinn við að koma á tollheimtu á þann hátt, sem generaltollkammerið hefir stungið upp á, verði ekki minni en 25,000 rd. Að visu hefir fjárstjórnin bent á, að nokkuð mundi mega færa niður útgjöld þau, sem tollkammerið hefir ætlazt á um, en það mun þó vera mjög vafasamt. Bæði generaltollkammerið, rentukammerið og Rosenörn stiptamtmaður hafa verið á því máli, að tollgæzluskipin yrðu að vera aðalundirstaða allrar tollumsjónarinnar, og því verður heldur ekki neitað, að hægt er að flytja vörur í land á laun, þar sem stendur Íslands eru svo víðáttumiklar og svo langt er á milli verzlunarstaðanna, og má jafnvel ætla, að 4 tollgæzluskip mundu hafa fullt í fangi að stemma stigu við því. Það væri því fremur ástæða til að hafa fleiri en 4 þvílík skip heldur en færri, ef að því yrði við komið vegna kostnaðarins, og það því fremur, sem svo er til ætlazt, að þau að auki hafi annan starfa á hendi, það er að segja að hafa gætur á fiskiveiðum útlendra þjóða við Ísland.

Með því að sýslumennirnir nú sem stendur taka við gjöldunum af útlendum skipum, sem koma til þeirra 6 kaupstaða, sem ætlazt er til að verði tolltökustaðir, mætti bera upp þá spurningu, hvort ekki mætti einnig fela þeim á hendur tollumsjónina og tollheimtuna fyrir hæfilega þóknun handa sjálfum þeim og laun handa aðstoðarmanni, til þess að spara laun handa sérstökum tollumsjónarmönnum. Þessu mætti að visu vel koma við á Vestmannaeyjum, þar sem embættisstörfin ekki eru mikil, og sýslumaðurinn vanalega getur verið sjálfur við staddur. En í hinum 5 kaupstöðunum mundi vera ísjárvert að fela sýslumönnunum störf þessi á

hendur, með því að þeir opt kynnu að vera burtu á embættisferðum um hinar víðáttumiklu þinghár sínar, og einmitt sér í lagi um þann tíma árs, sem skipakoman er mest, og þó að vöruskrár þær, sem skipin eiga að hafa með sér, gjöri tollumsjónina hægar, getur þó opt verið svo ástatt, að ekki þurfi all-lítinn tíma til hennar, svo að hún komi í bága við hin önnur embættisverksýslumannanna.

Þó að nú toll-álögurnar yrðu eins vægar, og hér er gjört ráð fyrir, er við því að búast, að þær mundu vekja óánægju margra landsmanna, þar sem þeir allt til þessa hafa verið lausir við allan toll, og eins mundi tollafgreiðslan á Íslandi verða til ekki all-litillar óhægðar einkum fyrir hina innlendu (dönsku) verzlun. Að vísu er það bót í máli, að tollafgreiðslan á skipum, sem fara frá höfnum í Danmörku, getur farið fram, þegar þau eru afgreidd hëðan, því allir þeir, sem ætla að senda skip sín hëðan beina leið til einhverrar hafnar á Íslandi, munu hafa þá aðferð; en fyrir þau dönsk skip, sem koma frá útlöndum, og hingað til hafa getað farið beina leið til allra löggiltra kauptána á Íslandi, verður það ekki all-lítil óhægð að verða að koma við á einhverjum af tolltökustöðunum á Íslandi, áður en þau mega fara inn á aðrar hafnir. Aptur á móti eiga útlend skip, sem koma til Íslands, eptir þeim lögum, sem nú gilda (sbr. lög 15. aprilmán. 1854, 2. og 3. grein), að koma við á einhverjum af þeim 6 kaupstöðum, sem um hefir verið getið, áður en þau mega koma á aðra löggilta verzlunarstaði, og fyrir þau yrði því tollgreiðslan á Íslandi ekki til neinnar sérstaklegrar óhægðar.

Ef að lítið er á alla þá óhægð, sem tollumsjón á Íslandi mundi hafa í för með sér fyrir verzlunina, og á það, að meira en helmingurinn af tekjunum mundi ganga í kostnaðinn, ef hún ætti að vera í nokkurn veginn góðu lagi, og eins á hitt, að þó að tollumsjóninni væri hagað á þann hátt, sem generaltollkammerið stakk upp á, þá yrði ekki hjá því komizt sökum þess, hvernig landslagi er háttað á Íslandi, að tollsvik yrðu í frammi höfð, en af því leiddi bæði siðaspilling, og að tekjurnar rýrnuðu, og ef loksins er að því gætt, að álit manna á Íslandi hingað til hefir verið eindregið á móti tollálögum, og að eptirtekjurnar yrðu heldur litlar, eins og áður er sýnt fram á — þá virðist vera ástæða til að ihuga, hvort ekki gætu á annan hátt fengizt hér um bil eins miklar tekjur af íslenzku verzluninni.

Gjald það, sem nú er lagt á verzlunina, en það eru 2 rd. af hverju lestarrúmi, er mjög lítið, og með því fást nú að eins hér um bil 11,000 rd. á ári. Þó nú þetta gjald væri tvöfaldað, væri það eigi að síður jafnaðarlega mjög hóflegt, einkum þegar að er gætt, að gjald þetta kemur í staðinn fyrir öll skipagjöld. Það mælir enn fremur fram með þessari aðferð, að hún er hin einfaldasta, og að með þessu móti verður komið hjá allri rannsókn á skipsfarminum. En aptur á móti er sá galli á því gjaldi, þar sem einungis er farið eptir lestatali skipanna, að það kemur afar ójafnt niður, með því það er greitt af öllum skipum, án þess neitt sé tekið til greina, hvers kyns farmur er á þeim — en farmurinn getur verið mjög margvíslegur, og mikill munur á því, hvers virði hann er — og jafnvel af skipum, sem koma með seglfestu til að taka farm. Þó að nú 4 rd. gjald af hverju lestarrúmi að vísu væri hóflegt í flestum tilfellum, verður því eigi neitað, að slíkt gjald væri ósanngjarnt þegar svo væri ástatt, sem nú var um rætt, og hið sama má segja, þó ekki eins fyllilega, um þá farma, sem eru lítils virði, en það á sér einkum stað um timburfarma og að nokkru leyti um kolafarma og saltfarma. Það virðist því vera ástæða til að láta gjald það, sem nú er greitt, og sem eiginlega kemur í staðinn fyrir skipagjöldin, vera óbreytt með tilliti til þessara skipa og skipsfarma, en hækka þar á móti gjaldið af öllum öðrum skipsförmum. Generaltollkammerið gjörði og í álits-skjali sínu, því sem fyrr er getið, einmitt áþekkan greinarmun á skipunum eptir farmi þeirra, þar sem það stakk upp á, að af timburförmum skyldu að eins greiddir 2 rd. fyrir hvert lestarrúm, en af öllum öðrum förmum 5 rd. Gjald það, er á þenna hátt fengið, yrði að vísu nokkuð minna, en ef lestagjald það, sem nú er fyrir skipað, væri tvöfaldað af öllum skipum, en það mundi þó nema 8 til 9000 rd. — Þess ber samt að geta, að uppástunga generaltollkammersins er byggð á þeirri undirstöðu, að komið sé á tollstjórn á Íslandi, og að eini erfðleikinn sé að hafa eptirlit það, sem á þyrfti að halda, ef svona væri tilhagað; vèr fáum samt sem áður ekki betur séð, en að þeir kraptar, sem fyrir heudi eru, séu nægir til að hafa eptirlit þetta, einkum þegar menn hafa fyrir sér vöruskrár þær, er skip frá útlöndum eiga að hafa meðferðis, og tollseðlana fyrir þau skip, sem koma frá einhverri danskri höfn.

Um leið og lestagjaldið væri hækkað á þenna hátt, væri ástæða

til að leggja gjald á brennivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi með sama fyrirkomulagi og fyrirskipað er á Færeyjum í lögum 3. marzmán. 1860; því Íslendingar hafa um langan tíma viðurkennt, að ástæða væri til þess að gjöra ráðstafanir á móti brennivínsdrykkjunni, sem allt af fer vaxandi. Þó væri ástæða til að gjöra þá breytingu frá færeysku lögunum, að annaðhvort allar tekjurnar eða að minnsta kosti tekjurnar af sjálfri brennivínsverzluninni ættu að renna inn í rikissjóðinn (seinna meir sjóð Íslands), með því að ekki eru neinir fátækra sjóðir fyrir hvert amt á Íslandi. Með þessu móti mætti að vorri hyggju fá nýjar tekjur, sem yrðu 9 eða 10,000 rd. af lestagjaldinu og 8000 rd. af brennivínsverzluninni.

Samkvæmt því sem sagt er hér að framan, væri einkum um tvennt að velja, ef færa ætti upp tekjurnar af íslenzku verzluninni, og fengist jafnmikið með hvorutveggja móti. Dómsmálastjórnin er á því máli, að kjósa eigi síðari aðferðina, með því að hún yfir höfuð að tala er miklu einfaldari og hægra að koma henni við, enda má líka búast við, að Íslendingar mundu ekki veita henni eins mikla mótspyrnu og beinlínis tollálögum. Að síðustu skal þess getið, að ef farið er að á þenna hátt, er ekki loku fyrir skotið, að ekki mætti seinna koma á tollstjórn á Íslandi, þegar allt er komið í betra horf.

Að svo mæltu leyfum vér oss að biðja fjárstjórnina um, að skýra oss nákvæmar frá álitinu sínu, bæði um málefni þetta í heild sinni og sér í lagi um þau atriði þess, sem vér höfum farið orðum um hér að framan.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir Norður- og Austurumdæminu og amtmannsins yfir Vesturumdæminu, um tilhögun á tekjum spítalanna, dags. 23. febrúar 1865.

Hið síðasta alþingi hefir í þegnlegri bænarskrá, sem hingað hefir verið send og prentuð er í alþingistíðindunum 1863 I, 418. —422. bls., meðal annars beðið um, að lagt verði fyrir næsta alþingi frumvarp til reglugjörðar um betri tilhögun á spítalatekjum, samkvæmt því sem alþingi áður hefir bent á.

Út af þessu skoraði dómsmálastjórnin í bréfi dags. 29. júní-mán. f. á. á stiptamtmanninn og byskupinn á Íslandi, að ganga í nefnd með dr. Hjaltalín, jústitsráði og landlækni, og Halldóri Frið-

rikssyni skólakennara, en það voru þeir sem höfðu hreift málinu á síðasta alþingi, til þess að ihuga bæði það, hvort ástæða væri til að gjöra nýjar ákvarðanir um, hvernig heimta skuli saman spítalahluti þá, sem nú eru, og hvernig eigi að verja þeim í peninga, og hvort þá ætti að gefa samkynja ákvarðanir fyrir öll þrjú ömtin eða sérstakar fyrir hvert fyrir sig líka hitt, hvort ástæða væri til að leitast við að útvega spítalaskjóðnum nýjar tekjur, t. a. m. af þilskipum, selveiði, lundatekju, æðarvarpi og fleiru þess konar. Dómsmálastjórnin skrifaði stiptsyfirvöldunum þar að auki til 25. ágústmán. f. á. um að láta einnig það atriði koma til umræðu í nefndinni, hvort ekki mundi vera ástæða, til einkum ef gefnar væru samkynja ákvarðanir um spítalahlutina fyrir öll ömtin, þá að gjöra þá breytingu á stjórn hins íslenska lækna-sjóðs, að stiptsyfirvöldunum væri fengin æðsta stjórn hans um allt land.

Nefndarmenn hafa þessu næst sent stjórnarráðinu álitsskjal sitt, dagsett 19. októbermán. f. á., og hafa þeir verið á því máli, að gefa eigi samkynja ákvarðanir um þetta málefni fyrir allt landið, og að stiptsyfirvöldunum sé fengin í hendur æðsta stjórn lækna-sjóðsins; þeir hafa enn fremur komið með þá uppástungu, að gjörð sé sú breyting á spítalatekjunum, að í stað hlutarins, sem nú er tekinn, sé borgað fastákveðið árlegt gjald í peningum af hverjum bát, sem haldið er til fiskiróðra og að gjaldið sé 10 fiskar af hverjum bát, 15 fiskar af hverju skipi, er svo er kallað, og 30 fiskar af hverju þiljuskipi, sem fer á hákarlaveiðar eða þorskaveiðar.

Um leið og dómsmálastjórnin nú sendir yður eptirrit af álitsskjali þessu, eruð þér beðnir að skýra stjórnarráðinu frá álitinu yðar um uppástungur þær, sem komið er með í álitsskjalinu, og ef auðið er svo bráðlega, að málið verði lagt fyrir alþingi í sumar, er kemur.

**Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi,
um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland, dags. 4. marz
1865.**

Eins og þér munuð muna, herra stiptamtmaður, hefir alþing það, sem haldið var árið 1863, í þegnlegri bænarskrá, sem hingað hefir verið send, um fiskiveiðar útlendra þjóða, einkum Frakka, við Ísland, meðal annars beðið um:

að leitazt verði við að fá hina frakknesku og ensku stjórn til

að viðurkenna, að einstaklegar kringumstæður Íslands gjöri það nauðsynlegt, að undantekningar verði gjörðar frá hinum almenna þjóðarétti hvað fiskihelgina og fiskimið landsmanna á opnum skipum snertir undir Íslandi, svo framarlega sem ekki þjóðbúið allt og landsfólkið eigi að biða óbætanlegt tjón.

Í álitsskjali því, dagsettu 9. nóvembermán. s. á., er þér, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi, hafið látið uppi um þetta mál, hafið þér látið þá skoðun í ljósi um þetta niðurlagsatriði bænarskrárinnar, að það væri í sjálfu sér mjög æskilegt og mundi að nokkru leyti friða huga manna á Íslandi, ef samningur yrði um það gjörður við útlend ríki, að innri hlutinn að minnsta kosti af Faxaflóa, þar sem svo mikið er af fiski, yrði friðaður fyrir útlendum fiskimönnum; þér hafið í þessu tilliti stungið upp á, að lína sé dregin yfir þveran flóann frá Garðskaga að Skipaskaga á Akranesi, og vikið á, að þér í samræðum yðar við Toyon, foringja yfir þeim herskipum Frakka, sem hafa stöðvar við Ísland, hafið þóttzt verða þess áskynja, að hann hafi haldið, að frakkneska stjórnin eigi mundi verða ófús á að gjöra samning, er færi í þessa stefnu. Um sama leyti barst dómsmálastjórninni frá sjóðliðs-stjórninni útdráttur af skýrslu foringjans fyrir briggskipinu St. Thomas, sem sama sumarið hafði stöðvar við Ísland, og hefir hann þar farið líkum orðum um þetta mál og þér, herra stiptamtmaður; en þó hugsar hann sér, að línan sé dregin nokkru innar í flóanum, það er að segja frá Garðskaga sjónhending á Seltjarnarnes þangað til að vika sjáar sé að Gróttutanga, og svo þaðan að að Akranesi; og sést enn fremur af skýrslu hans, að hinn frakkneski herskipaforingi hefir, eptir að þeir höfðu átt viðræður um málefni þetta, skýrt stjórn sinni frá málinu.

Út af þessu skrifaði dómsmálastjórnin utanríkisstjórninni til 10. ágústmán. f. á. á þá leið, að dómsmálastjórnin að vísu byggði á því, að takmörk þau, sem sett eru um fiskiveiðar útlendra þjóða í konungsúrskurði dags. 22. febrúarmán. 1812. einnig eigi við um fiskiveiðar við Ísland, og að það jafnhliða þessu beri að álíta, að bannið í tilskipun 13. janúarmán. 1787 2. gr. gegn því, að útlend skip fari inn á firðina í landinu til fiskiveiða, sé enn í gildi, en vegna þess vafa, sem á það hefir verið dreginn, hvort hin síðast nefnda ákvörðunin einnig verði heimfærð upp á tvo stærstu flóana á Íslandi, Breiðafjörð og Faxaflóa, þá yrði stjórnarráðið, eins og konungsfulltrúi hefir vikið á, að álíta það æskilegt,

að fastar reglur yrðu ákveðnar í þessu efni, helzt á þann hátt, að dregin séu takmörk eða takmarkalína, sem útlendingar ekki mættu fara inn fyrir til fiskiveiða á þessum tveim flóum, og að lína þessi á Faxaflóanum verði ákveðin á þann hátt, sem konungsfulltrúi hefir stungið upp á. Dómsmálastjórnin bað því utanríkisstjórnina um að fara að semja við keisarastjórnina á Frakklandi, og, ef til vill, við konungsstjórnina á Bretlandi hinu mikla, um fyrirkomulag á málefni þessu, samkvæmt því, sem hér að framan hefir verið tekið fram.

Dómsmálastjórnin hefir nú samt orðið þess áskynja af bréfi frá utanríkisstjórninni, dags. 4. júlímán. þ. á., er í eptirriti fylgir með bréfi þessu, að utanríkisstjórnin hefir, áður en hún fékk bréf dómsmálastjórnarinnar, fyrir meðalgöngu sendiherra Danakonungs í Parísarborg skýrt stjórninni á Frakklandi frá bænarskrá alþingis um þetta mál; að línuskipsforingja Toyon, foringi fyrir herskipaliði Frakka við Ísland, hefir verið á hendur falið af keisarastjórninni að rannsaka umkvartanir alþingis, en þó sérstaklega hvort það mundi vera hinum frakknesku fiskimönnum í óhag, ef gengið væri að uppástungu alþingis; og loks, að utanríkisstjórnin hefir beina leið skýrt yður frá þessu, herra stiptamtmaður. Það sést enn fremur af bréfi utanríkisstjórnarinnar, að Toyon línuskipsforingi hefir, þegar hann var kominn aptur frá Íslandi, gefið skýrslu um málið, og leitast hann þar við að sýna fram á, hversu ástæðulausar umkvartanir alþingis séu; að utanríkisstjórnin álitur, að eina skilyrðið fyrir, að nokkur árangur verði af því, að haldið sé áfram að semja við keisarastjórnina, sé það, að hrakið sé það sem sagt er í skýrslu Toyons, og að það einkum væri æskilegt, ef sannað yrði, að Frakkar fiskuðu á vertíðum Íslendinga.

Um leið og dómsmálastjórnin sendir yður, herra stiptamtmaður, útleggingu af skýrslu Toyons línuskipsforingja og af bréfi frá frakkneska utanríkisstjórnarherra, eruð þér beðnir að skýra frá álitum yðar um skjöl þessi og senda fylgiskjölin svo aptur.

Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um skyldu kandidata frá prestaskólanum í Reykjavík til að taka á móti fátæku brauði, dags. 7. marz 1865.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórn-

arinnar hefir hans hátign konunginum þóknast 24. f. m.¹ meðal annars allramildlegast að fallast á:

1) Ástæður fyrir konungsráskurðinum voru þessar:

Samkvæmt konungsbréfum frá 10. maímán. 1737 og 2. desembermán. 1791 höfðu stiptsyrfrvöldin á Íslandi myndugleika til, þegar enginn sótti um eitthvert af fátæku brauðunum, að skylda hvern þann stúdent, sem fengið hafði kennslu borgunarlaust í skólunum á Íslandi og að öðru leyti var hæfur til prestskapar, til að verða prestur í brauðinu, og var honum um leið heitið því, að hann að nokkrum árum liðnum skyldi fremur öðrum koma til greina til að fá betra brauð, ef hann hegðaði sér vel og leysti embættisskyldur sínar af hendi með samvirkusæmi. Stiptsyrfrvöldin hafa líka samkvæmt þessum ákvörðunnum áður fyrri nokkrum sinnum skikkað presta í fátæku brauðin, þegar enginn hefir sótt um þau. En eptir að sú breyting var komin á, að ekki mátti lengur veita þeim brauð, sem útskrifuðust úr latínuskólanum, nema því að eins að þeir hefðu gengið undir próf við menutunarstofnun þá handa pretaefnum á Íslandi, sem stofnuð var samkvæmt konungsráskurði frá 7. júnímán. 1841 (prestaskólanum), var svo álitid, að ákvarðanir þessar yrðu ekki beinlínis heimfærðar upp á þá, sem útskrifuðust úr presta-skólanum, jafnvel þó þeir hefðu fengið þar kennslu borgunarlaust og styrk úr opinberum sjóði. Á hinn bóginn var reynslan búin að sýna, að við því mátti búast, að ef ekki mátti gjöra neinum að skyldu að verða prestur í fátæku brauðunum, mundi svo fara, að margir söfnuðir ef til vill í mörg ár yrðu prestlausir. Af þessum ástæðum var samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar ákvæðið í konungsráskurði, dags. 17. maímán. 1862, að þeim kandidötum sem lokið hafa prófi við presta-skólann og notið hafa styrks úr almennum sjóði til mennta-iðkana sinna við skóla þenna, verði, þegar þörf er á, gjört að skyldu að verða prestar á fátækum brauðum á Íslandi, sem enginn sækir um, er hæflegur eð til að fá þau; en aptur á móti megi þeir eiga von á að koma öðrum fremur til greina til að fá betra brauð, eptir að þeir eru búinir að þjóna fátæku brauði hæflega langan tíma; en færast þeir undan að þiggja slík brauð, borgi þeir tafarlaust aptur styrk þann, er þeir hafa fengið.

Til alþingis þess, er haldið var árið 1863, kom bænarskrá frá fundi í Múlasýslu um, að því væri til leiðar komið, að breyting væri gjört á ákvörðunum þessum. Eptir að alþingi hafði farið með málið á lögboðinn hátt, sendi það konungi þegnlega bænarskrá, og það í henni um:

1. að konungsráskurður 17. maímán. 1862, og öH hin eldri lög um skikkunarvald stiptsyrfrvaldanna til prestakalla, yrðu úr lögum numin;
2. að stiptsyrfrvöldin í þess stað mættu fá vald til að heita þeim, sem hafa rétt til prestskapar, og vilja gjörast prestar í þeim rýrðarbrauðum landsins, er enginn sækir um, og skuldbinda sig til að þjóna þar í 3 ár, forgöngurètti fyrir öllum öðrum til hvers þess meðalbrauðs, sem eptir hinu nýja brauða-

að aftekin sé skylda sú, er með konungsbréfum 10. maí 1737 og 2. desemberm. 1791 og konungsúrskurði 17. maím. 1862,

mati hefir í árlegar tekjur 300—450 rd., og sem að þeim tíma liðnum fyrst losnar og þeir sækja um, ef þeir vítalaust hafa staðið í stöðu sinni, og

3. að þessa fyrirheits sé með þorum orðum getið í veitingarbréfinu.

Bænarsskrá þessi frá alþingi er prentuð í alþingistiðindunum 1863, I, bls. 226—231.

Konungsfulltrúi hefir ekki þótt geta lagt með því, að bæn alþingis sé veitt, af því hann álitur ekki mótbárur þær, sem komið hefir verið með á móti konungsúrskurðinum frá 17. maímán. 1862, eins þýðingarmiklar eins og alþingi. Í sömu stefnu fer álitsskjal, sem fengið hefir verið frá stiptsyfirvöldunum um þetta mál; en þar er þó jafnframt berlega tekið fram, að það væri njög æskilegt, ef komið yrði hjá að beita valdi því, sem stiptsyfirvöldunum hefir verið veitt í konungsúrskurði þessum, og að svo virðist, sem nú sé komin nokkur breyting á í tilliti til prestsefnanna, frá því sem var fyrir nokkrum árum síðan, þar sem lærisveinar í latínuskólanum sáu talsvert að fjölga, en af því leiði aptur, að kandidatarirnir frá prestaskólanum muni fjölga eptirleiðis, því að ætla megi, að allur þorinn af þeim, sem útskrifast úr latínuskólanum, muni ganga á prestaskólann, og að þá megi telja víst, að nokkrir kandidatar að minnsta kosti muni sækja um fátæku brauðin til þess að komast í fasta stöðu, einkum þegar þeir megi eiga von á að fá bráðlega betra brauð.

Í skýrslu dómsmálastjórnarinnar um málið, þá er það var lagt fyrir konung, segir, að stjórnarráðið sé á sama máli og konungsfulltrúi og stiptsyfirvöldin um það, að mótmæli alþingis gegu ákvörðunnum í konungsúrskurðinum frá 17. maímán. 1862 séu í mörgn tilliti ástæðulaus, og að sér í lagi megi segja það um þá mótbáru alþingis, að ákvarðanir þessar komi í bága við konungsúrskurð frá 30. júlímán. 1850 um hlutfallið milli kandidata í guðfræði frá háskólanum og kandidata frá prestaskólanum, því að það er vitaskuld, að þessu hlutfalli er óraskað eptir sem áður, þegar þeir sækja hverjir á móti öðrum um brauð. Samt sem áður áleit dómsmálastjórnin vera ástæðu til að fallast á uppástungu alþingis í öllum aðalatriðum hennar, og stjórnarráðið gat þá þess, að því yrði ekki neitað, að það líti illa út að beita nauðungarvaldi til að veita brauð, jafnvel þó að svo megi segja, eptir því sem fyrir er skipað um málefni þetta í konungsúrskurðinum frá 17. maímán. 1862, að þeir, sem skikka má, hafi með nokkurs konar samningi skuldbundið sig til að þjóna brauðunum. Stiptsyfirvöldin hafa þess vegna á seinni árum aldrei varla beitt skikkunarvaldi sínu, og eins mundi að líkindum fara eptirleiðis, einkum af því hversu illa mælist fyrir því. Ef að þar á móti er farið að eptir uppástungu alþingis, má koma hinu sama til leiðar, en án þess beitt sé neinu nauðungarvaldi, og það er einmitt aðalkostur uppástungunnar. Að vísu má með góðum rökum finna það að uppástungu alþingis, að þegar gefið er skilmálaust fyrirheit, eins og hún fer fram á, hafa

er lögð á herðar sumpart þeim, er útskrifast úr hinum lærða skóla á Íslandi, og sumpart þeim, er útlærðir eru frá presta-

þeir, sem veita eiga brauðin, ekki nógu frjálssar hendur til að kjósa þann, sem í hvert skipti er maklegastur til að fá brauð það, sem veita á, og það er líka sá annmarki við uppástunguna, að á þenna hátt verður svo opt prestaskipti á fátæku brauðunum. En það er þó aðgæzluvert, að meiri annmarkar hafa verið á því skipulagi, sem verið hefir hingað til, þar sem ekki hefir verið nema um tvennt að gjöra, annaðhvort að láta fátæku brauðin vera prestslaus, eða að veita þau mönnum, sem eru miður hæfir eða jafuvel öldungis óhæfir til prestsskapar.

Um það atriði, hvernig koma ætti fyrir ráðstöfun þeirri, sem alþingi hafði stungið upp á, gat dómsmálastjórnin þess, að þar sem sagt er í bænarskrá alþingis, að það sé vitaskuld, að þegar fátækt brauð losni, eigi undir eins að kunnngjöra það með hinu umtalaða fyrirheiti um betra brauð eptir að hafa þjónað því í þrjú ár, þá er gjört ráð fyrir, að ákveðið sé fyrirfram, hvaða brauð eigi að veita á þenna hátt, en um það hefir ekki verið komið með neina uppástungu, enda virðist ekki vera hagfellt að hafa þá aðferð, þar eð ekki verður vitað með vissu fyrir fram, hvort nokkur muni sækja um brauð eða ekki, jafuvel þó að það sé fátækt brauð, því það er ekki einasta komið undir gæðum brauðsins sjálfs, heldur líka því, hversu mörg prestsefni eru til í hvert skipti. Það er þess vegna ekki fyrr en búið er að kunnngjöra, að brauðið sé laust, að menn geta vitað, hvort nokkur vill sækja um það, og þegar þá sú raunin hefir orðið á, að enginn sækir um það, má hafa þá aðferð til að fá prest þangað, sem alþingi hefir stungið upp á; þer þá að kunnngjöra á ný, að brauðið sé óveitt og bæta hinu umgætna fyrirheiti við; en þó áleit dómsmálastjórnin að fyrirheitið ætti að vera því skilyrði bundið, að sá, sem hlut á að máli, hefði þjónað brauðinu sómasamlega í 3 ár en ekki að eins víta laust, eins og komið er að orði í uppástungu alþingis.

Að síðustu gat dómsmálastjórnin þess, að sér virðist ekki eiga að fallast á hið þriðja niðurlagsatriði í bænarskrá alþingis, því að hvorki væri nein þörf á þessu, og það ætti heldur ekki vel við, að fyrirheitsins sé getið með berum orðum í veitingarbréfinu, þar sem það er lesið upp fyrir söfnuðinum frá prædikunarstólnum, og við væri að búast, að söfnuðinum mundi ekki gæðjast vel að þesskonar fyrirheiti, en að aptur á móti væri nóg að þess væri getið í bréfinu, þá er prestiaum væri tilkynnt veitingin; enda áleit dómsmálastjórnin marklausa þá ástæðu, sem þingið hafði tilfært fyrir þessari uppástungu, það er að segja, að svo kynni að fara, að nýr stiptamtmaður álitu ekki fyrirheitið skuldbindandi fyrir sig, ef það að eins stæði í tilkynningarbréfinu, sem byskup skrifar einn saman undir, því að það er vitaskuld, að fyrirheit, sem konungur hefir leyft að gefið sé, og kunnngjört er með uppfestri auglýsingu, er skuldbindandi fyrir alla, sem hlut eiga að máli, hvort sem þeim, sem það á að vera til góðs, er gefið það til vitundar í veitingarbréfinu, sem stiptsýsfrvöldin gefa út, eða í bréfi frá byskupi.

skólanum í Reykjavík, til að taka við brauðum á Íslandi í vissum tilfellum; en að stiptsyfirvöldunum á Íslandi þar á móti sé veitt vald til þess, þegar brauð losnar og það hefir kunngjört verið í lögákveðinn tíma, án þess nokkur hafi um það sótt, sem til þess væri hæfur, að heita því, um leið og kunngjört er á ný, að brauðið sé laust, að sá, sem brauðið verði veitt, megi, þegar hann sé búinn að þjóna því sómasamlega í þrjú ár, eiga von á að hafa forgöngurètt fyrir öðrum til hins fyrsta brauðs, er hann sækir um, ef tekjur þess brauðs séu eigi hærri en 450 rdl. eptir brauðamatsgjörðinni frá 1853, og ef enginn sækir um brauðið, eptir að kunngjört hefir verið á ný, að það sé laust, þá skuli stiptsyfirvöldunum þar að auki falið að fá sérstaklega einhvern mann, er hæfur sé til prestsskapar, til að sækja um embættið með þeim kjörum, er nú var sagt.

Þessi konungsráskurður skal yður kunngjörður, herra stiptamtmaður, og yður, herra byskup, yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið hann.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra manna við Ísland, dags. 7. apríl 1865.

Í bræfi dagsettu 16. f. m. hefir sjóliðsstjórnin skýrt frá, að haft sé í hyggju að senda eitt hinna minni gufuskipa í flotanum norður á bóginn, og geti það dvalið hér um bil 10 vikur við strendurnar á Íslandi og Færeyjum. Sjóliðsstjórnin hefir þessu næst skorað á dómsmálastjórnina að skýra sér frá, hvaða höfnum og fjörðum skipið einkanlega eigi að koma við á, og hvort að ástæða sé til að gjöra að öðru leyti breytingar á erindisbréfum þeim, sem foringjum fyrir slíkum sendiferðum hafa verið gefin.

Um leið og dómsmálastjórnin að öðru leyti skýrskotar til bréfs síns dags. 18. aprílmán. 1859, skal þessu svarað svo:

Eins og á er vikið í bræfi því, sem nú var nefnt, er álitíð, að yfirráðin yfir sjónum samkvæmt konungsráskurði 22. febrúarmán. 1812 nái viku sjávar frá yztu ey eða hólma við land, sem sjór ekki gengur yfir. En með því að sjá mátti af skýrslu þeirri, sem Albeck sjóliðsforingi sendi sjóliðsstjórninni árið 1863, að Frakkar ekki reikna viku sjávar á sama hátt og Danir, höfum vèr fengið ítarlega skýrslu um þetta atriði frá Irminger, kammer-

herra og generalaðjútant, og með því þar segir, að vika sjávar hjá Frökkum, i lieu, sè sama sem 3 fjórðungar úr danskri viku sjávar, og vika sjávar hjá Englendingum, i league, líka sè sama sem 3 fjórðungar úr danskri viku sjávar, mundi það að vorri hyggju ekki vera til neins, þegar rætt er um yfirráðin yfir sjónum, að reikna takmörkin á annan hátt, en þessar tvær þjóðir, er svo mikils eru megandi á sjó. Hvað þessu næst snertir firði og flóa, má að visu ætla, að fylgja eigi þeirri reglu fram, að útlendum mönnum sè ekki heimilt að fara inn á þá til að veiða fisk; en með því að farið er fram á einkum frá Frakka hálfu, að Faxaflói og Breiðifjörður verði ekki taldir meðal þess konar flóa, sem útlendir menn megi ekki koma inn á, og við því er að búast, að það mundi ekki hafa neitt upp á sig, þó staðið væri á móti því frá Dana hálfu, álitum vèr réttast að skýra sjóliðsstjórninni frá, að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefir stungið upp á því í álitsskjali, er hann sem konungsfulltrúi á alþingi hefir látið uppi um þenglega bænarskrá frá þinginu um, að fyrirskipaðar sèu ítarlegar ákvarðanir um fiskiveiðar útlendra þjóða við Ísland, að leitast sè við að gjöra samning við ríki þau, sem hlut eiga að máli, um það, að innri hlutinn af þessum tveim flóum skuli vera friðaður fyrir útlendum fiskimönnum, og hefir hann, hvað Faxaflóann sèrstaklega snertir, hugsað sèr að dregin sè takmarkalína frá Skaganum að Skipaskaga á Akranesi, sem ekki megi fara inn yfir. Samkvæmt þessu þætti dómsmálastjórninni æskilegt, að foringja sendifarar þeirrar, sem fyrirhuguð er, væri á hendur falið að bera ráð sín saman við foringjann fyrir frakknesku herskipunum og stiptamtmanninn og amtmanninn yfir Vesturumdæminu, og styðja að því, að menn komi sèr saman um slíkar takmarkalínur bæði í Faxaflóa og á Breiðafirði, og koma því til leiðar, ef unnt er, að takmörkin í Faxaflóa verði látin vera þar sem stiptamtmaðurinn hefir stungið upp á. — Þar sem sjóliðsstjórnin hefir spurt um, hvar skipið ætti helzt að koma við á Íslandi, skulum vjer auk Faxaflóa einkum nefna flóana og firðina á Vesturlandi, þar sem vera mun mesti grúi af útlendum fiskimönnum, svo og austurstrendur landsins. Hvað Vesturland snertir sèr í lagi, skal þess getið, að í skýrslu, sem stjórnarráðið hefir fyrir sèr, og er frá þeim kaupmanni, sem hefir mesta verzlun á Vesturlandi, Clausen agent, eru þessi nefnd bezt fiskimið, Ísafjörður og aðrir Vestfirðir, Breiðifjörður og einkum allt svæðið frá Öndverðarnesi að Búðum og þaðan allt suður

að Mýrum. Eptir því sem segir í skýrslu þessari, en það kemur heim við það sem stjórnarráðinu að öðru leyti er kunnugt, er vetrarvertíðin lítils varðandi á Vesturlandi, en aptur á móti er aðalvertíðin þar frá páskum til hvítasunnu; en hin útlendu, einkum frakknesku fiskiskipin, eru von að koma upp undir strendur Íslands í miðjum aprílmánuði. Það er sérstaklega tekið fram í skýrslu þessari, að útlendu fiskiskipin við Vesturland sigli opt upp undir land, taki til að veiða fjórðung úr viku sjávar eða hálfu viku sjávar frá landi og láti sig svo reka til hafs, og að þess sæu líka dæmi, að einstöku skipstjórar á skipum þessum hafi gjört á hluta Íslendinga með því, að láta skip sín reka niður á íslenzku bátana, meðan menn hafi verið önnum kafnir í að draga upp lóðirnar, er svo eru kallaðar, og það hafi borið við á einstaka stað, til að mynda við Öndverðarnes í Breiðafirði og í Bolungarvík í Ísafirði, en þar eru lóðirnar hafðar úti á sjó á nóttinni, að þeir hafi dregið þær upp, tekið hvern fisk, sem á þeim var, og skorið síðan duflin af lóðunum, svo að þær hafi týnt. Um Austurland skal þess loks getið, að þaðan hafa hvað eptir annað komið umkvartanir bæði til stjórnarinnar og alþingis út af því, að skipshafnirnar á útlendum fiskiskipum hafi farið í land á úteyjum, þar sem er æðarfuglavarp, hafi eytt hreiðrunum og fælt fuglinn burt, og væri það því æskilegt, ef skipið fengi tóm til að sýna danska merkið þar við landið.

Þar sem gjört er ráð fyrir, að skipið einnig komi við á Færeyjum, hefir dómsmálastjórnin ráðfært sig við amtmanninn, því hann er hér í bænum sem stendur, um það, hve nær það helzt ætti að vera, og mun hin heiðraða sjóliðsstjórn sjá af eptirriti því af álitsskjali hans, er fylgir með bréfi þessu, að hann vildi, að skipið kæmi ekki þangað fyrr en á heimleiðinni aptur frá Íslandi. Það er líka að vorri hyggju haganlegast einkum vegna þess, að það er mjög svo áriðandi, að skipið fari beina leið til Íslands, ef það á að geta áorkað nokkru íslenzku fiskimönnunum í hag, þar eð nú er þegar orðið nokkuð áliðið.

Auglýsing dómsmálastjórnarinnar um, að skip þau, er eiga heima í konungsríkinu Ítalíu, sæu undanþegin aukagjaldi, er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, dags. 29. apríl 1865.

Eptir samningi um siglingar og kaupverzlun, er gjörður var

1. dag maímánaðar f. á. millum konungsríkjanna Danmerkur og Ítalíu, sæta dönsk skip sömu kjörum og innlend skip um alla verzlunartolla og skipagjöld í hinu síðarnefnda konungsríki. Fyrir því eru skip þau, er eiga heima í konungsríkinu Ítalíu, þá er þau fara kaupferðir til Íslands og Færeyja, undanþegin að greiða aukagjald það, 2 rd. af hverju dönsku lestarrúmi, sem ákveðið er með konungsúrskurði, dagsettum 1. dag aprilmánaðar 1856, sem birtur er með auglýsing frá dómsmálastjórninni, dagsettri 2. dag sama mánaðar.

Þetta kunngjörist hér með öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að kunngjöra úrskurði stjórnarráðanna á íslensku¹, dags. 1. júní 1865.

Í þegnlegri bænarskrá frá síðasta alþingi, um að íslensk tunga sé við höfð í öllum embættisbréfum, er snerta Ísland, er kvartað yfir því, að embættismennirnir á Íslandi stundum birti hlutaðeigendum þar bréf og úrskurði stjórnarráðanna á dönsku. Út af þessu eruð þér, herra stiptamtmaður, beðnir um að sjá um og áminna embættismenn þá og embættisþjóna, er heyra undir yður sem amtmann í Suðurumdæminu, að gæta þess vandlega, að allir úrskurðir stjórnarráðanna séu á íslenskri tungu birtir þeim íbúum landsins, er eigi mæla á dönsku.

Tilskipun um verzlunarvog á Íslandi², dags. 1. desember 1865.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vörs trúa alþingis um frumvarp sem fyrir það hefir verið lagt til tilskipunar um verzlunarvog á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Frumeining hinnar almennu verzlunarvogar er eitt pund, og er þungd þess eins og verið hefir 500 frönsk grömm.

1) Sama dag ritaði dómsmálastjórnin hinum amtmönnum og stiptsýfrvöldnum bréf sama efnis.

2) Sbr. Tíðindi frá alþingi 1865 II, 142—145. bls. og 228. bls.

2. grein.

Eitt hundrað pund er tíufjórðungavætt.

3. grein.

Pundið skiptist í 100 kvint, hvert kvint í 10 ort; minni þuugar ákveðast með tugabrotum úr orti.

4. grein.

Frá því, er lög þessi öðlast gildi, skulu almennt þau vogarlóð viðhöfð sem verzlunarvog, er tugabrotum verður komið að, það er að skilja þess konar lóð, sem vega 100, 50, 20, 10, 5, 1 pund, 50, 20, 10, 5, 2, 1 kvint, 5, 2, 1 ort og tugabrot úr orti svo og pundarar, sem eru markaðir eptir sama vogarlagi. Þangað til konungur skipar öðruvísi fyrir, skal þó leyft vera að nota þau vogarlóð, sem áður hafa löggilt verið og sem vega $\frac{1}{4}$, $\frac{1}{8}$, $\frac{1}{16}$ og $\frac{1}{32}$ úr pundi, svo og pundara, sem löggiltir hafa verið eptir hinu eldra vogarlagi, og einnig vogarlóð, sem vega 160, 80, 64, 32, 16, 8, 4 pund; þó eru undanskilin þau jarnlóð, þar sem blýið, sem löggildingarmerkið er sett á, liggur ofan á járninu og engin upphækkuð brún hlítir því.

5. grein.

Heimilt skal stjórninni að nema úr gildi aðrar vogir, sem nú eru við hafðar, og láta verzlunarvogina koma í stað þeirra, svo og að gefa tugabrotunum úr orti sérstakleg nöfn, ef það virðist nauðsynlegt.

6. grein.

Lagaboð þetta öðlast gildi 1. dag júlímán. 1867.

Tilskipun er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvikjandi prestaköllunum á Íslandi, dags, 15. desember 1865.

Vær Kristján hinn Niundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vær höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vørs trúá alþingis um frumvarp, sem fyrir það var lagt, til tilskipunar, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvikjandi prestaköllunum á Íslandi, hjóðum Vær og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Prestaköllunum á Íslandi skal skipt í þessa flokka:

1. Aðalbrauð með 700 rdl. tekjum og þar fram yfir.
2. Betri meðalbrauð með 500—700 rdl, tekjum.
3. Lakari meðalbrauð með 350—500 rdl. tekjum.
4. Fátæk brauð með minni tekjum en 350 rdl. á ári.

Tekjur brauðanna eru taldar eptir brauðamatsgjörð þeirri, er samin var árið 1854 og allramildilegast er staðfest í dag; en sú brauðamatsgjörð skal endurskoðuð á hverjum 15 ára fresti.

2. grein.

Konungur veitir aðalbrauðin, en stiptyfirvöldin á Íslandi veita eptir þeim ákvörðunum sem þar um gilda, þau brauðin, er heyra til 2. og 3. flokki að áskildri allrahæstri staðfesting, og þau er heyra til 4. flokki, án slíkrar allrahæstu staðfestingar.

3. grein.

Um ákvörðun eptirlauna þeirra, er uppgjafaprestar fá af brauðunum, skal farið að á sama hátt og hingað til þannig, að héraðs-prófasturinn kveður til tvo presta er í grennd búa, og býr til með þeim uppástungu um, hver eptirlaun prestur sá, er frá brauðinu fer, eigi að fá af því; síðan skal leggja uppástungu þessa undir úrskurð stiptyfirvaldanna. Eptirlaunin mega að öllum jafnaði ekki vera hærri, en þriðjungur af hinum vissu tekjum brauðsins, eins og þær eru ákveðnar í tilskipun 6. dag janúarmán. 1847 5. grein. Þegar ákveðin eru eptirlaun uppgjafaprests af brauði, skal ágóðinn af prestssetrinu eður af jörð þeirri, sem prestinum er fengin til ábúðar, þar að auki talinn með, eins og hann er tilfærður með tekjum brauðsins í brauðamatsgjörð þeirri, er getið er um í 1. grein; þó skal þetta ekki eiga sér stað á þeim brauðum, sem eptir áður greindri brauðamatsgjörð gefa af sér minni tekjur en 350 rdl. á ári.

4. grein.

Uppgjafapresti skal eins og hingað til heimilt að fá hluta sinn af tekjum brauðsins í þeim landaurum, sem þær eru goldnar með, lögum samkvæmt, hvort sem hann býr innan sóknar eður utan. Ef hann býr utan sóknar og hann ekki sjálfur getur heimtað sinn hluta af landaurunum, skal hann hafa erindsreka í sókninni, er fyrir hans hönd gjöri þær ráðstafanir, sem þörf er á í þessu efni.

Nú óskar uppgjafapresturinn, að eptirmaður sinn heimti allar hinar vissu tekjur brauðsins og greiði sér síðan þann hluta þeirra, er honum ber, þá getur eptirmaðurinn eigi skorazt undan því; en þegar svo er ástalt, borgar hann uppgjafaprestinum eptirlaun hans eptir verðlagsskráar verði á sérhverjum þeim eyri, sem gjaldendur greiða í tekjurnar, lögum samkvæmt, og skal presturinn í brauðinu í því skyni semja nákvæman reikning yfir allar þær tekjur af brauðinu, sem hér koma til greina, og tilgreina hverja fyrir sig,

reikna þær síðan allar til peninga eptir verðlagsskrá þess árs og greiða svo uppgjafaprestinum hans hluta af þeim. Nú ber svo til, að nokkuð af hinum vissu tekjum brauðsins er ófáanlegt hjá gjaldendum, þá skal skaðanum skipt í réttu hlutfalli milli uppgjafaprestsins og eptirmanns hans. Ef ágreiningur verður um, hvort reikningurinn um tekjurnar sè réttur, þá skal það mál borið undir héraðsprófastinn, og ef hann eigi getur komið sættum á, leggur hann málið undir úrskurð stiptsyfirvaldanna og skýrir þeim um leið frá áliti sínu um það.

5. grein.

Í eptirlaun presta-ekkna bæði eptir þá presta, sem deyja meðan þeir þjóna brauði, og líka eptir uppgjafapresta, ef þær voru þeim giptar meðan þeir þjónuðu brauðinu, skal goldið af vissum tekjum aðalbrauðanna $\frac{1}{8}$, betri meðalbrauða $\frac{1}{10}$ og lakari meðalbrauð $\frac{1}{12}$ samkvæmt reglunum í tilskipun 6. dag janúarínán. 1847 5. grein. þó skal ágóðinn af prestssetrinu með talinn.

Prestur sá, er brauðinu þjónar, greiðir ekkjunninnar hluta af tekjunum annaðhvort í skileyri eður, ef hún óskar þess, eptir verðlagsskráar verði á þeim landaurum, sem goldnir eru í tekjurnar, eptir nákvæmum reikningi, er presturinn semur um allar vissar tekjur af brauðinu og hverja þeirra fyrir sig, og skal sá reikningur á ári hverju lagður undir endurskoðun og samþykki prófasts.

Nú eru fleiri en ein ekkja í brauði, skal þá eptirlaununum skipt milli þeirra eptir niðurfjöfnun prófasts.

Samkvæmt allrahæstu konungsbræfi 5. dag júnímán, 1750 skal ekkjunninn heimilt að kjósa sèr til ábúðar hverja af kirkjujörðum brauðsins, er henni þykir sèr hugkvæmust, en afgangur það, er svara ætti af jörðinni, á að koma upp í eptirlaunin; svo skal og að öðru leyti farið eptir ákvörðuninum í konungsbræfi þessu, viðvikjandi rétti presta-ekkna til að kjósa sèr eða láta útleggja sèr jörð til ábúðar.

6. grein.

Nú hefir prestsekkja áunnið sèr rétt til eptirlauna af brauði, sem gjalda hefir átt af eptirlaun til prestsekkju eptir reglum þeim, sem að undanförunu hafa verið í gildi, en sem eptirleidis verður undanþegið slíkri skyldu eptir ákvörðuninni í næstu grein hér á undan, smbr. 1. gr., þá heldur hún fyrir sjálfa sig rétti þeim, er

hún hefir öðlast. Hið sama er um konur þeirra presta, er nú þjóna slíkum brauðum.

7. grein.

Í staðinn fyrir afgang það, er nú hvílir á sumum brauðum á Íslandi, skal til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og presta-
ekkjum greitt árgjald, eptir því hlutfalli, er nú skal sagt:

Af brauðum sem eptir brauðamatsgjörð þeirri, sem um er getið í 1. grein, eru metin

| | | | |
|----------------------|----------------|-------------------|----------------------|
| 150—350 rd. | skal greiða | $\frac{2}{3}$ sk. | af hverjum ríkisdal, |
| 350—500 — — — | 1 | — — — | |
| 500—700 — — — | $1\frac{1}{3}$ | — — — | |
| 700 og þar fram yfir | $1\frac{2}{3}$ | — — — | |

Af þeim brauðum, sem minna gefa af sér í tekjur en 150 rdl. á ári skal ekki greitt neitt árgjald; en þar sem prestsekkja er í brauði, og fær af því eptirlaun, fellur burt helmingur árgjaldsins, og þar sem er uppgjafaprestur, allt árgjaldið.

Prestarnir skulu greiða héraðsprófastinum árgjaldið fyrir lok desembermánaðar ár hvert, en hann sendir alla upphæðina til byskupsins svo snemma, að fêð sé komið til hans fyrir sýnóðus 10. dag júlímán. næst á eptir.

Fê því, sem greiðist með árgjöldunum, skal skipt í tvo hluti jafnstóra; fá uppgjafaprestar annan helminginn en presta-ekkjurnar hinn.

Fênu skal skipt á sýnóðus fundi.

8. grein.

Tilskipun þessi öðlast lagagildi 6. dag júnímán. 1867.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Brauðamat á Íslandi,

samið árið 1853 og allramildilegast staðfest með konungsráskurði dagsettum 15. dag desembermán. 1865 ásamt tilskipun frá sama degi, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllunum á Íslandi.

| Norðurmúla prófastsdæmi: | rd. sk. |
|-------------------------------|---------|
| 1. Skeggjastaðir | 187 38 |
| 2. Hof í Vopnafirði | 858 4 |
| 3. Hofteigur | 263 28 |

| | rd. | sk. |
|--------------------------------------|-----|-----|
| 4. Kirkjubær í Tungu | 459 | 82 |
| 5. Valþjófsstaður | 457 | 31 |
| 6. Ás í Fellum | 220 | 60 |
| 7. Hjaltastaður og Eyðar | 397 | 78 |
| 8. Desjarmýri | 205 | 7 |
| 9. Klyppstaður | 176 | 60 |
| Suðurmúla prófastsdæmi : | | |
| 10. Dvergasteinn | 282 | 91 |
| 11. Vallanes | 427 | 63 |
| 12. Hallormstaður | 264 | 3 |
| 13. Þingmúli | 225 | 12 |
| 14. Skorastaður | 286 | 9 |
| 15. Hólmar í Reyðarfirði | 600 | » |
| 16. Kolfreyjustaður | 377 | 43 |
| 17. Stöð | 123 | 49 |
| 18. Heydalir | 497 | 90 |
| 19. Berufjörður | 265 | 48 |
| 20. Hof í Álptafirði | 353 | 85 |
| Austur-Skaptafells prófastsdæmi : | | |
| 21. Stafafell | 291 | 10 |
| 22. Bjarnanes | 236 | 29 |
| 23. Einholt | 206 | 45 |
| 24. Kálfafellsstaður | 134 | 43 |
| 25. Sandfell | 82 | 43 |
| Vestur-Skaptafells prófastsdæmi : | | |
| 26. Kálfafell á Síðu | 92 | 3 |
| 27. Kirkjubæjar klaustur | 374 | 17 |
| 28. Meðallands þing | 164 | 73 |
| 29. Ásar | 106 | 22 |
| 30. Þykkvabæjar klaustur | 152 | 63 |
| 31. Reynis þing | 224 | 58 |
| 32. Sólheima þing | 208 | 70 |
| Rangárvalla prófastsdæmi : | | |
| 33. Eyvindarhólar | 315 | 69 |
| 34. Holt undir Eyjafjöllum | 549 | 92 |

| | rd. | sk. |
|--|-----|-----|
| 35. Stóridalur | 121 | 86 |
| 36. Fljótshlíðar þing | 191 | 29 |
| 37. Breiðibólstaður í Fljótshlíð | 857 | 13 |
| 38. Landeyja (Kross) þing | 387 | 16 |
| 39. Keldna þing | 264 | 41 |
| 40. Oddi | 757 | 19 |
| 41. Stóruvellir | 276 | 47 |
| 42. Efriholta þing | 257 | 94 |
| 43. Kálfholt | 319 | 88 |
| 44. Vestmannaeyjar | 843 | 30 |

Árnes prófastsdæmi :

| | | |
|-----------------------------------|-----|----|
| 45. Stórinúpur | 150 | |
| 46. Hrúni | 408 | 72 |
| 47. Hreppólar | 200 | |
| 48. Ólafsvellir | 218 | |
| 49. Hraungerði | 446 | 31 |
| 50. Gaulverjabær | 382 | 63 |
| 51. Stokkseyri | 467 | 83 |
| 52. Torfastaðir | 344 | |
| 53. Miðdalur | 170 | |
| 54. Mosfell í Grímsnesi | 156 | |
| 55. Klausturhólar | 229 | 64 |
| 56. Þingvellir | 240 | 32 |
| 57. Arnarbæli | 470 | 54 |
| 58. Vogsósar | 136 | |

Gullbringu- og Kjósar prófastsdæmi :

| | | |
|---------------------------------------|-------|----|
| 59. Staður í Grindavík | 173 | 87 |
| 60. Útskálar | 475 | 72 |
| 61. Kálfatjörn | 373 | 46 |
| 62. Garðar á Álptanesi | 701 | 59 |
| 63. Reykjavík | 1,014 | 22 |
| 64. Mosfell í Mosfellssveit | 286 | 52 |
| 65. Kjalarnes þing | 257 | 60 |
| 66. Reynivellir | 250 | 24 |

Borgarfjarðar prófastsdæmi :

| | | |
|---|-----|---|
| 67. Saurbær á Hvalfjarðarströnd | 257 | 8 |
|---|-----|---|

| | rd. | sk. |
|--|-----|-----|
| 68. Garðar á Akranesi | 310 | 52 |
| 69. Melar | 279 | 78 |
| 70. Hest þing | 229 | 86 |
| 71. Lundur | 198 | 7 |
| 72. Reykholt | 420 | 77 |
| Mýra prófastsdæmi: | | |
| 73. Gilsbakki | 282 | 22 |
| 74. Hvammur í Norðurárdal | 280 | 71 |
| 75. Stafholt | 534 | 86 |
| 76. Borg | 388 | 63 |
| 77. Staðarhraun | 172 | 15 |
| 78. Hítardalur | 714 | 70 |
| 79. Hítarnes þing | 371 | 53 |
| Snæfellsnes prófastsdæmi: | | |
| 80. Miklaholt | 351 | 91 |
| 81. Staðastaður | 562 | 2 |
| 82. Breiðavíkurþing | 187 | |
| 83. Nes þing | 347 | 15 |
| 84. Setberg | 393 | 22 |
| 85. Helgafell | 459 | 81 |
| 86. Breiðibólstaður á Skógarströnd | 299 | 62 |
| Dala prófastsdæmi: | | |
| 87. Miðdala þing og Kvennabrekka | 518 | 17 |
| 88. Hjarðarholt | 296 | 43 |
| 89. Hvammur í Hvammssveit | 442 | 52 |
| 90. Skarðs þing | 332 | 22 |
| 91. Saurbæjar þing | 210 | 6 |
| Barðastrandar prófastsdæmi: | | |
| 92. Garpsdalur | 129 | 6 |
| 93. Staður á Reykjanesi | 400 | |
| 94. Gufudalur | 184 | 67 |
| 95. Flatey | 173 | 80 |
| 96. Brjámslækur | 219 | 43 |
| 97. Sauðlauksdalur | 258 | 68 |
| 98. Selárdalur | 400 | |
| 99. Otrardalur | 112 | 48 |

| | rd. | sk. |
|---|-----|-----|
| Vestur-Ísafjarðar prófastsdæmi: | | |
| 100. Rafnseyri | 201 | 28 |
| 101. Álptamýri | 127 | 39 |
| 102. Sandar í Dýrafirði | 172 | 91 |
| 103. Dýrafjarðarþing | 227 | 50 |
| 104. Holt í Önundarfirði | 376 | 89 |
| 105. Staður í Súgandafirði | 87 | 80 |
| Norður-Ísafjarðar prófastsdæmi: | | |
| 106. Eyri við Skutulsfjörð | 379 | 62 |
| 107. Ögur þing | 202 | 5 |
| 108. Vatnsfjörður | 400 | |
| 109. Kirkjubóls þing | 118 | 9 |
| 110. Staður á Snæfjallaströnd | 98 | 30 |
| 111. Staður í Grunnavík | 191 | 79 |
| 112. Staður í Aðalvík | 137 | 37 |
| Stranda prófastsdæmi: | | |
| 113. Árnes | 139 | 26 |
| 114. Staður í Steingrímsfirði | 376 | 51 |
| 115. Tröllatunga | 196 | 5 |
| 116. Prestsbakki | 220 | 35 |
| Húnavatns prófastsdæmi: | | |
| 117. Staður í Hrutafirði | 145 | |
| 118. Staðarbakki | 401 | 72 |
| 119. Melstaður | 534 | 8 |
| 120. Tjörn og Vesturhópshólar | 292 | 41 |
| 121. Breiðibólstaður í Vesturhópi | 521 | 76 |
| 122. Þingeyra klaustur | 337 | 81 |
| 123. Undirfell | 318 | 5 |
| 124. Hjaltabakki | 107 | 38 |
| 125. Auðkúla | 243 | 64 |
| 126. Blöndudalshólar | 266 | 90 |
| 127. Bergstaðir | 259 | 40 |
| 128. Háskuldsstaðir | 380 | 20 |
| 129. Hof á Skagaströnd | 233 | 5 |

| | rd. | sk. |
|--|-----|-----|
| Skagafjarðar prófastsdæmi: | | |
| 130. Hvammur í Laxárdal | 164 | 43 |
| 131. Fagranes | 177 | 65 |
| 132. Reynistaðar klaustur | 185 | 73 |
| 133. Glaumbær | 543 | 51 |
| 134. Mælifell | 323 | 10 |
| 135. Goðdalir | 191 | 1 |
| 136. Miklibær í Blönduhlíð með Flugumýrar sókn . | 389 | 90 |
| 137. Hólar í Hjaltadal með Hofstaða sókn | 377 | 44 |
| 138. Hof og Miklibær í Óslandshlíð | 290 | 42 |
| 139. Fell í Sléttuhlíð | 200 | 84 |
| 140. Barð í Fljótum | 367 | 13 |
| 141. Knapptaðir | 93 | 49 |
| 142. Rípur | 124 | 86 |

| | | |
|------------------------------------|-----|----|
| Eyjafjarðar prófastsdæmi: | | |
| 143. Hvanneyri | 150 | 45 |
| 144. Kviabekkur | 257 | 7 |
| 145. Tjörn og Upsir | 362 | 68 |
| 146. Vellir | 326 | 13 |
| 147. Stærri-Árskógur | 147 | 16 |
| 148. Möðruvalla klaustur | 398 | 90 |
| 149. Bægisá og Myrká | 344 | 79 |
| 150. Glæsibær | 272 | 84 |
| 151. Hrafnagil | 652 | 82 |
| 152. Grundar þing | 232 | 2 |
| 153. Mikligarður | 165 | 57 |
| 154. Saurbær | 284 | 56 |
| 155. Miðgarðar í Grimsey | 99 | 3 |

| | | |
|----------------------------------|-----|----|
| Þingeyjar prófastsdæmi: | | |
| 156. Laufás | 336 | 50 |
| 157. Höfði | 233 | 94 |
| 158. Þönglabakki | 131 | 38 |
| 159. Háls í Fnjóskadal | 314 | 59 |
| 160. Þóroddsstaður | 248 | 11 |
| 161. Lundarbrekku þing | 177 | 62 |
| 162. Mývatnsþing | 164 | 33 |
| 163. Grenjaðarstaður | 709 | 50 |

| | rd. | sk. |
|---------------------------------------|-----|-----|
| 164. Múli og Nes | 451 | 55 |
| 165. Helgastaðir | 237 | 53 |
| 166. Húsavík | 233 | 80 |
| 167. Garður í Kelduhverfi | 179 | 84 |
| 168. Skinnastaðir | 217 | 49 |
| 169. Presthólar | 166 | 40 |
| 170. Svalbarð í Þistilfirði | 278 | 21 |
| 171. Sauðanes | 382 | 22 |

Ástæður þessarar tilskipunar:

Samkvæmt konungsráskurði 5. maímán. 1865 var lagt fyrir alþingi það ár frumvarp til tilskipunar, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvikjandi prestaköllumum á Íslandi; er frumvarp þetta með ástæðum stjórnarinnar fyrir því prentað í tíðindum frá alþingi 1865 II, 146.—156. bls. og álitsskjal þingsins til konungs á 307.—310. bls. Í álitsskjali þessu biður þingið um, að frumvarpið fái laga-gildi, með þeim breytingum, er nú skal greina.

1. Að í 1. lið 4. greinar sé á eptir orðunum »sem þær eru goldnar með» bætt við: »lögum samkvæmt», og að sömu orðum sé bætt við í 2. lið greinarinnar á eptir orðunum: »sem gjaldendur greiða í tekjurnar».
2. Að upphaf 5. greinar verði þannig orðað: »Í eptirlaun presta-ekkna bæði eptir þá presta, sem deyja meðan þeir þjóna brauði, og líka eptir uppgjafapresta, ef þær voru þeim giptar, meðan þeir þjónuðu brauðinu».
3. Að þessum orðum í 2. lið sömu greinar: »eptir samkomu-lagi við hann» sé sleppt úr, og í stað þeirra verði á eptir orðunum: »annaðhvort í skileyri eður», bætt inn í: »ef hún óskar þess».
4. Að í síðasta lið sömu greinar séu felld úr þessi orð: »og presturinn ekki þarf að hafa til afnota fyrir sjálfan sig».
5. Að öðrum lið 7. greinar verði þannig breytt:
»Að brauðum, sem eptir brauðamatsgjörðinni frá 1853 eru metin:

| | | | |
|--------------|----------------|-------------------|------------------------|
| 150—350 rd. | skulu greiddir | $\frac{2}{3}$ sk. | af hverjum ríkisdal |
| 350—500 | - | — | 1 - - - - |
| 500—700 | - | — | $1\frac{1}{3}$ - - - - |
| 700 og meira | - | — | $1\frac{2}{3}$ - - - - |

6. Að í 8. grein sè orðunum: »1. dag janúarmán. 18..» breytt í: »frá 6 degi júnímán. 1867».

Breytingar þær, sem til greindar eru í 1. 3. 4. og 6. tölulið, gjöra engan verulegan efnismun, og þótti því ekkert vera því til fyrirstöðu að fallast á þær. Að því er þessu næst snertir viðbæti þann við 5. grein, sem til greindur er í 2. tölulið, og miðar til að útskýra nákvæmar, hveijar prestsekkjur skuli hafa rétt á að fá eptirlaun, þá hefir konungsfulltrúi á alþingi lagt á móti því í álitsskjali sínu um málið, að viðauka þessum sè bætt inn í lögin, bæði af því að hann sè óþarfur, og af því, að með honum sè ákveðið, að prestsekkjum, er gipzt höfðu manni sínum, eptir að hann hafði fengið lausn, beri engin eptirlaun af brauði því, sem hann hafði verið prestur í, þar sem þeirri spurningu, hvort þeirri prestsekkju, sem svona er ástatt fyrir, beri réttur til eptirlauna eður eigi, er ósvarað í frumvarpinu, og megi því láta dómstólana skera úr henni, ef svo ber undir; en það álitur konungsfulltrúi vera réttast, með því að mönnum ekki ber saman um, hvernig eigi að leysa úr henni. Það þótti samt sem áður réttara að taka viðauka þann, sem alþingi hafði stungið upp á, í lögin, til þess að skera með berum orðum úr efamáli því, er konungsfulltrúi hafði vikið á, og það því fremur, sem ástæðan til þess, að áþekk ákvörðun ekki var sett í frumvarpið, var sú, að spurning þessi alls ekki var álitin vafasöm. Breytingin á 7. grein um það, hvernig greiða skuli árgjaldið handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum, er til greint er í 5. tölulið, gjörir að verkum, að árgjaldið kemur jafnara niður, og verður þar að auki góðum mun hærra. Þar eð nú hækkun þessi á árgjaldinu sèr í lagi kemur niður á skárstu brauðunum, sem helzt eru fær um að bera það, og með því að uppgjafaprestunum ekki veitir af að fá eins mikinn styrk, og unnt er að útvega þeim, þóttu gildar ástæður til þess að fallast á breytingu þá, sem hér ræðir um.

Eins og vikið er á í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, kom fram uppástunga á sýnóðus, er haldinn var í Reykjavík árið 1853, um að látu semja nýja brauðamatsgjörð yfir öll brauð á Íslandi, með því að ekki verður neitað, að brauðamatsgjörðirnar, er gilt hafa allt til þessa, fyrir Skálholts stípti frá 1737 og fyrir Hóla stípti frá 1748, eru orðnar úreltar vegna breytinga þeirra, er bæði hafa orðið á tekjum ýmsra brauða þenna langa tíma, og líka á hlutfalliinu milli peninga og landaura. Byskupinn á Íslandi lét

síðan alla presta á landinu skýra frá, hvað tekjurnar af brauðum þeirra hefðu verið miklar um 5 seinustu árin að meðaltali, á þann hátt, að þeir fylltu út í eyðublöð, er búin voru til í því skyni, og var hin nýja brauðamatsgjörð síðan samin eptir skýrslum þessum. Stiptsyfirvöldin fóru fram á, að brauðamatsgjörð þessi væri staðfest af konungi, en kirkju- og kennslustjórninni þótti réttast, að hún væri lögð fyrir sýnóðus, svo að hann segði álit sitt um hana, áður en hún væri staðfest. Sýnóðus lagði með því, að brauðamatsgjörðin yrði staðfest af konungi, en stakk þó upp á þeim breytingum, að Hólmar í Reyðarfirði væri metnir 600 rdl., og Staður á Reykjanesi, Selárdalur í Barðastrandarsýslu og Vatnsfjörður í Ísafjarðarsýslu væri metnir 400 rdl. Loksins hafa stiptsyfirvöldin gjört þær breytingar á brauðamatsgjörðinni, sem leitt hafa af því, að einstöku brauð síðan 1853 hafa verið lögð saman um stundarsakir, eða að þeim hefir verið skipt niður á milli næstu brauða.

Þá er málefni þetta var rætt á alþingi, var það ítarlega tekið fram, að brauðamatsgjörð þessari væri í mörgu ábótavant, að hún væri ónákvæm, og að nokkur brauð hefðu breytzt talsvert síðan að hún var samin. Kom því fram á þinginu það breytingaratkvæði, að í stað orðanna í 1. grein frumvarpsins: »er samin var árið 1853 og allramildilegast staðfest . . . » væri sett: »er samin var árið 1853, en sú brauðamatsgjörð skal endurskoðuð á hverjum 15 ára fresti, og síðan allramildilegast staðfest». Hinn síðasti kafli breytingaratkvæðisins þótti samt svo ólöglegur, að þingið þóttist ekki geta fallizt á uppástunguna þannig orðaða; en með því endurskoðun brauðamatsgjörðarinnar samt sem áður var álitin nauðsynleg, samþykkti þingið, að þessa skyldi getið í ástæðum álitsskjalsins til konungs, svo að stjórninni yrði kunn ósk þingsins í álitsskjali sínu, og þóttu stjórninni vera gildar ástæður til að taka hana til greina. En með því að líklegt er, að endurskoðunin gjöri að verkum, að brauð þau, er talin eru upp í 2. grein, og nefnd eru aðalbrauð, verði ekki ávalt hin sömu, var álitid réttast að sleppa uppástungu þessari, og það því fremur, sem hún í sjálfu sér er óþörf, þar sem aðalreglan, að konungur skuli veita þau brauð, sem eru metin 700 rdl., eða þar fram yfir, verður hin sama. Af sömu ástæðum var orðunum í 3. grein frumvarpsins: «brauðamatsgjörð þeirri, er samin var árið 1853» breytt í: «brauða-

matsgjörð þeirri, er getið er um í 1. grein», og áþekk breyting gjörð í 2. lið 7. greinar.

Tilskipun um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, dags. 5. janúar 1866.

Vér Kristján hinn níundi o. s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vörs trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, bjóðum vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Lögreglustjórar og hreppstjórar skulu, hver um sig í því umdæmi, sem hann er settur yfir, vandlega gefa gætur að, hvort fjárkláði eður önnur næm fjárveikindi gjöri þar vart við sig. Þeir eiga því svo opt, sem ástæða virðist til þess vera, einkum á haustin þá fè kemur af afrètt, og á vorin fyrri hluta aprilmánaðar, að láta fram fara almenna rannsókn fjárins svo víða sem nauðsynlegt þykir.

2. grein.

Amtmanni skal á hendur falið eptir uppástungum lögreglustjórans að kveðja til hæfilega menn í hverjum hrepp hreppstjórum til aðstoðar, bæði í því að komast að raun um heilbrigðisástand fjárins, og eins í því að framkvæma þær ráðstafanir, sem gjöra þarf. Ef slíkir menn ekki fást innanhrepps, má kveðja til þess menn úr öðrum hrepp eður annari sýslu. Aðstoðarmenn þessir og hreppstjórnir eiga tafarlaust að gefa lögreglustjóranum til vitundar, ef eitthvað það kemur fyrir, sem vekur grun um slíkan sjúkdóm, sem í 1. grein er um rætt.

3. grein.

Hreppstjórnir og aðstoðarmenn þeirra skulu, eptir því sem amtmaður gjör ákveður, fá hæfilega borgun, þó ekki yfir 1 rd. 48 sk. hver um daginn fyrir störf þau, er þeir eptir áður sögðu eiga að gegna, að því leyti þau hafa í för með sér verkfall og ferðalög frá heimilum þeirra. Borgun þessari skal sýslumaður jafna niður á alla fjáreigendur í hverjum hreppi, eptir þeim reglum, sem gilda um dýratolla, og heimta hana saman á manntalsþingum ásamt manntalsþingsgjöldunum.

4. grein.

Ef vart verður slíkrar veiki sem að ofan er um rætt, skulu

hreppstjórar og aðstoðarmenn þeirra sjá um, að hið sjúka fê verði þegar í stað stranglega aðskilið frá heilbrigðu fê, og hið allrafyrsta taka það til lækninga ; svo skal og því því fê haldið sêr, sem lík-
indi eru til, að veiki kunni að dyljast í, unz grunlaust er. Hreppstjóri
skal þegar skýra lögreglustjóranum frá því, sem gjört hefir verið,
og skal þá lögreglustjóri gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á.

5. grein.

Sýni lögreglustjóri, hreppstjóri eður aðstoðarmenn af sêr nokk-
urt hirðuleysi eður vanrækt á þeim skyldum, sem ofangreindar á-
kvarðanir leggja þeim á herðar, skulu þeir bera af því ábyrgð til
sekta eptir úrskurði amtmanns.

6. grein.

Eigandi þess fjár, sem sjúkt er eður grunað, skal skyldur að
fara nákvæmlega eptir reglum þeim, sem honum verða fyrirskip-
aðar um aðskilnað á því, lækningar og aðra meðferð.

Kostnaðinn til þessa borgar eigandi; þar á móti skal kostnað
þann, er eptirlitið af hálfu hins opinbera hefir í för með sêr, greiða
eptir reglum þeim, er settar eru í 3. grein.

7. grein.

Nú sýnir eigandi annaðhvort óhlýðni eður hirðuleysi í því að
gegna skyldum þeim, sem á honum hvila eptir næstu grein á
undan, þá skal hann sæta sektum allt að 20 rd. og skal lögreglu-
stjóri láta framkvæma það, sem nauðsyn krefur. Allan kostnað til
þessa borgar eigandi, og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnað-
aðinum eptir úrskurði amtmanns. Ef slík atvik eru fyrir hendi, að
grunur sê á, að hlutaðeigandi ætli að skjóta eigum sínum undan
fjárnáminu, þá má kyrretja þær eður svo mikið af þeim, sem þarf
til að borga með áfallinn kostnað. Ef eigi fæst full borgun, þá
skal skjóta til því, sem vantar, úr jafnaðarsjóði amtsins; svo skal
og kostnaðurinn greiddur úr þeim sjóði, ef það er efnaleysi eig-
anda að kenna, að hið opinbera verður að framkvæma þær ráð-
stafanir, sem þörf er á.

8. grein.

Sektir þær, sem um er getið í þessari tilskipun, falla til fá-
tækra á þeim stað, sem lagabrotið hefir verið framið.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sêr þegnlega að hegða.

Alþingi 1861 sendi bænarskrá til konungs um, að frumvarp til

tilskipunar um fjárveikindi á Íslandi¹, er þingið hafði samið, væri gjört að lögum. Eptir að frumvarp þetta hafði verið vandlega ihugað í dómsmálastjórninni, varð sú niðurstaðan, að frumvarpið, eins og það var, ekki væri þannig lagað, að það yrði gjört að lögum; en með því að stjórnin að öðru leyti var á sama máli og alþingi um það, að ástæða væri til að gefa út lagaboð um þetta efni, var samið nýtt frumvarp, og það lagt fyrir alþingi árið 1863¹. Álitsskjal alþingis um frumvarp stjórnarinnar er prentað í tíðindunum frá alþingi 1863, I, 481.—491. bls., og hefir þingið þar ítarlega gjört grein fyrir, hvers vegna það ekki hafi fallið á frumvarpið, nema því að eins, að á því væru gjörðar ýmsar verulegar breytingar og að því hafi þótt ástæða til að búa til nýtt frumvarp, sem það bað um, að yrði gjört að lögum. Stjórnin komst samt að þeirri niðurstöðu, að ísjárvert væri að fallast á sumar af uppástungum þeim, er gjörðar voru í frumvarpi alþingis; en með því að gjöra mátti ráð fyrir, að breytingar þær, er gjöra þurfti við frumvarpið, yrði álitnar verulegar, þótti yfirgnæfandi ástæður til, að bera málefni þetta enn á ný undir álit alþingis. Var því samið nýtt frumvarp í dómsmálastjórninni og var þar leitast við, svo sem unnt var, að nálgast tillögur þingsins, en á hinn bóginn var sleppt þeim af uppástungum þingsins, sem stjórnin með engu móti gat fallið á. Frumvarp þetta var samkvæmt konungsúrskurði 28. aprilmán. 1865 lagt fyrir alþingi það ár, og er prentað í tíðindum frá alþingi 1865 II, 157.—163. bls. Í álitsskjali sínu, sem prentað er á 487.—494. bls. biður þingið um, að frumvarpið verði gjört að lögum svo tímanlega, að það komi til Íslands sem lög til framkvæmda ekki seinna en með fyrstu póstskeipsferð næsta vor, en þó með þeim breytingum er nú skal greina:

1. að í öðrum lið 1. greinar verði í stað orðanna: «einkum á vorin, áður en fe er hleypt á fjall» sett: «einkum á haustin, þá fe kemur af afrétt og á vorin fyrri hluta aprilmánaðar»;
2. að í 3. grein séu orðin: «af jafnaðarsjóði amtsins» felld úr; að á eptir orðunum «hæfilega borgun» sé bætt við, «þó ekki yfir 9 mörk um daginn», og að aptan við greinina sé bætt svo hljóðandi ákvörðun: «Borgun þessari skal sýslumaður jafna niður á allan sauðfénað í hverjum hreppi, eptir þeim

1) Sbr. Tíðindi frá alþingi 1861, 1806.—1820 bls.

2) Sbr. Tíðindi frá alþingi 1863, I, 37.—40. bls.

reglum sem gilda um dýratolla, og kalla hana inn á manntalsþingum ásamt öðrum manntalsþingsgjöldum»;

3. að í 4. grein á eptir orðunum «aðskilin frá heilbrigðu fè» sé bætt við «og hið allrafyrsta taka það undir lækningu»;
4. að í fyrsta lið 7. greinar verði orðunum: «á kostnað eiganda og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum eptir úrskurði amtmanns» breytt í: «allan kostnað til þessa borgar eigandi, og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum eptir úrskurði amtmanns»; og
5. að bætt verði aptan við frumvarpið nýrri grein, sem yrði 8. grein, og að í henni sé ákveðið, að þriðjungur sekta þeirra, sem nefndar eru í 5. og 7. grein, falli til uppljóstrarmanns, hvort sem hann er utanhrepps eða innan, en hinir tveir hlutar til sveitarinnar, þar sem lagabrotið gegn greinum þessum hefir átt sér stað.

Í skýrslu dómsmálastjórnarinnar, þá er málefni þetta var borið upp fyrir konungi, segir á þessa leið:

Af breytingum þeim, sem alþingi þannig hefir stungið upp á, virðist ekkert vera því til fyrirstöðu, að þær breytingarnar, sem tilfærðar eru í 1. og 3. tölulið, séu teknar í tilskipunina, og ekki þykir dómsmálastjórninni heldur vera nægar ástæðar til að neita að taka til greina orðabreytingu þá, sem tilfærð er í 4. tölulið, með því að svo lítur út sem alþingi hafi þótt mikið undir henni komið, og hún er meinlaus, þó hún sé illa til fallin. Af breytingum þeim á 3. grein frumvarpsins, sem tilfærðar eru í 2. tölulið, finnst dómsmálastjórninni vel við eiga, eins og alþingi hefir stungið upp á, að taka til þá hæstu borgun, sem hreppstjórnarnir og aðstoðarmenn þeirra geta fengið fyrir störf þau, er þeir eiga að hafa á hendi samkvæmt 1. og 2. grein, eins og það líka má álitast hæfilegt, að ekki megi borga þeim meira en 9 mörk hverjum á dag. Hvað hina breytinguna snertir, sem alþingi hefir stungið upp á, að gjörð væri á þessari grein, smbr. 6. grein, það er um það atriði, hvernig greiða eigi kostnaðinn við rannsókn þá á fènu, sem tilskipunin hefir skipað fyrir um, þá hefir þingið getið þess, að ef að ætti að greiða kostnað þenna úr jafnaðarsjóðum amtanna, eins og stungið er upp á í frumvarpi stjórnarinnar, þá leiddi það til þeirrar ósanngirni, að allar sveitirnar í hverju amti væru látnar bera jafna byrði hvað sauðfè snertir, þar sem það þó er fyrirsjáanlegt, að eptirlitið með sauðfènu mun verða mjög misjafnt í hin-

um einstöku hreppum landsins, og að þetta aptur mundi valda því, að keppni og áhugi milli sveitanna sín á milli í því að varðveita feð fyrir næmum sjúkdómum og við hafa yfir höfuð góða hirðing á því, mundi verða miklum mun sljófari. Hjá þessu mætti komast eptir áliti alþingis með því að leggja kostnað þann, sem hér ræðir um, á sveitirnar, á þann hátt, að honum sé jafnað niður á alla fjáreigendur í hverri sveit, eptir sömu reglum og venja er til um dýratolla, og hefir þingið lagt mikla yfirgnæfandi áherzlu á sauðfêð, sem eptirlit er viðhaft til að varðveita. Konungsfulltrúi á alþingi hefir í álitsskjali sínu um álitsskjal þetta lagt á móti því, að fallizt sé á þá breytingu, sem hér ræðir um, en aptur á móti hefir hann vakið athygli á, að fara mætti þann meðalveg, að jafna helmingnum af kostnaði þessum á sveitir þær, sem hlut eiga að, eu greiða hinn helminginn úr jafnaðarsjóðunum; og hafði komið fram uppástunga þessa efnis á alþingi, þá er málið var rætt. Að vísu hlýtur dómsmálastjórnin að vera á því máli, að breyting sú, sem alþingi hefir stungið upp á um, hvernig greiða eigi kostnað þenna, sé ekki hagfelld, með því að bændum í lítilli og fátækri sveit vafalaust opt mun veita örðugt að greiða gjald þetta, sem getur orðið talsvert, en þar eð alþingi næstum því í einu hljóði (með 19 atkvæðum gegn 2) hefir fallizt á breytingu þessa, og hefir þótt mikið undir henni komið, eins og sjá má á þingræðunum, eu hins vegar hefir fellt uppástungu þá, sem konungsfulltrúi hefir vikið á, um að skipta kostnaðinum milli sveitanna og jafnaðarsjóðanna, með 16 atkvæðum gegn 3, þá heldur stjórnarráðið, að ekki séu nægar ástæður til að neita að fallast á breytinguna.

Að því er loks snertir hina nýju grein, sem alþingi hefir stungið upp á, þá hefir konungsfulltrúi fastlega lagt á móti því, að hún sé tekin í tilskipunina; hefir hann tekið fram, að ákvörðun sú sem þar er um, að þriðjungur af sektum þeim, sem nefndar eru í 5. og 7. grein, skuli falla til uppljóstrarmanns, sé sumpart óþörf, með því að álíta megí sjálfsagt, að enginn muni draga dulur á, ef næm veikindi gjöri vart við sig í fê hans, og líka muni umsjónarmenn þeir, sem skipaðir eru, vera færir til að sjá um, að reglum þeim, er settar eru, sé fylgt, sumpart muni hún koma sér illa, og geti hæglega valdið sundurþykki og áreitni, og gefið tilefni til árangurslausra rannsókna. Aptur á móti álítur konungsfulltrúi, að ástæða geti verið til að ákveða með berum orðum í tilskipuninni, að sektirnar eigi að renna inn í sveitarsjóðinn, þó að

það í raun og veru sè sjálfsagt. Samkvæmt því, sem konungsfulltrúi þannig hefir tekið fram, hlýtur dómsmálastjórnin að álíta óráðlegt að taka hina nýju grein, sem alþingi hefir stungið upp á, í tilskipunina, þar sem þingið hefir fallizt á hana að eins með tveggja atkvæða mun, en þar á móti þykir réttast að ákveða með berum orðum, að sektirnar skuli renna inn í sveitarsjóðinn.

Tilskipun um vinnuhjú á Íslandi, dags. 26. janúar 1866.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú, þó með ráði og vilja sóknarprests síns, sè hann ófermdur. Vistarráðum þeirra, sem yngri eru en 16 ára, ráða foreldrar eður aðrir forráðamenn.

2. grein.

Engin vistarráð skulu vera bindandi fyrir lengri tíma en 12 mánuði í senn; en gild skulu vistarráð, þótt skemur sè um samið, þó því að eins, að þau standi til næsta hjúaskildaga á eptir.

3. grein.

Heimilt skal hjúi, eins og verið hefir, að vista sig hjá tveim eður fleirum, til helminga, þriðjunga o. s. frv.

4. grein.

Hinn almenni skildagi vinnuhjúa skal framvegis vera á ári hverju 14. dag maímánaðar. Samt skal í hèruðum þeim, þar sem hjúaskildagi nú er haldinn á öðrum tíma árs, fara eptir venju þeirri, sem verið hefir, nema berlega hafi verið tekið fram, þegar vistarráðin gjörðust, að skildaginn skuli vera annar.

5. grein.

Ef hjú ræður sig hjá öðrum manni fyrir jól, þá skulu þau vistarráð ógild, nema húsbóndi eður hjú hafi látið hitt vita, að það eigi vilji endurnýja vistarráðin fyrir næsta ár.

Ef maður ræður vísvitandi annars hjú, þá verður hann um það sekur um 5—10 rd.

6. grein.

Húsbóndi skal, nema öðruvísi sè um samið, láta sækja vist-

ráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en klyfjum á einn hest; og skal húsbóndi annast þann flutning á sinn kostnað, og ekki láta það rýra um samið kaup.

Ef húsbóndi vitjar ekki hjúsins á réttum tíma, skal hann annast um að koma því fyrst um sinn fyrir á öðrum stað, og greiða því, auk annars kaups, allan þann kostnað, sem dvöl þess annarstaðar hefir í för með sér; en hjúi skal skylt að vinna húsbónda allt það gagn, sem það getur, á þeim stað, sem það dvelur á um stundarsakir. Vitji húsbóndi ekki hjúsins fyrir Þingmaríumessu, er hjúið ekki lengur bundið við vistarráðin, og varðar það húsbónda eptir 11. grein. Hið sama er og, ef hjúið flytur sig sjálft á hann og hann ekki vill veita því viðtöku án löglegra orsaka, og skal hann þá að auki greiða því sanngjarnan ferðakostnað fram og til baka.

7. grein.

Húsbóndi getur neitað að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín, eður að veita því móttöku, af þessum ástæðum:

1. Ef hjúið, eptir að það var ráðið í vistina, hefir drýgt einhvern glæp, sem að almennings áliti er svívirðilegur.
2. Ef hjúið, um það leyti, sem það á að fara í vistina, hefir einhvern næman eður viðbjóðslegan sjúkdóm, eður þau veikindi eður líkamamein, að vissa sè fyrir því, að það verði ófært til vinnu allt fram að Þingmaríumessu eður lengur.
3. Ef hjúið kann ekki til þeirra verka, sem áskilið var að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina, og sem það þá þóttist kunna til, eður ef það hefir einhverja ókosti, er það þá neitaði að hafa.
4. Ef hjúið hefir tælt húsbóndann á sér með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann ræði það til sín.

8. grein.

Hverju hjúi er skylt að fara þegar í vistina, er húsbóndi viljar þess; ef húsbóndi fyrst um sinn fær því annan samastað (sbr. 6. gr.), þá er því og skylt að fara þangað. Ef hjúið færir undan þessu án lögmætra orsaka, þá er húsbóndinn eigi lengur bundinn við vistarráðin, og varðar það hjúinu eptir 12. grein. Hið sama er og, ef svo hefir verið um samið, að hjúið skuli flytja sig sjálft í vistina, og það að nauðsynjalausu dregur ferð sína viku lengur.

Nú getur hjúið eigi farið í vistina, þegar húsbóndi vitjar þess, og er því eigi sjálfu um að kenna, þá er húsbónda eigi skylt að

vitja þess aptur, heldur skal hjúíð sjálft kosta ferð sína í vistina og leggja af stað jafnskjótt og það getur; en dragi það að nauðsynjalausu ferð sína viku lengur, varðar það því eptir 12. grein.

9. grein.

Nú flytur húsbóndinn eptir að vistarráðin eru gjörð, en áður en vistartíminn byrjar, þrjár þingmannaleiðir á landi eða fimm vikur sjóar burt frá þeim bústað hans, þar sem hjúíð átti að fara í vist, þá er því eigi skylt að fara í vistina. Ef húsbóndi flytur af landi burt, skal hann að auki greiða hjúínu kaup og matarverð fyrir vistartíma þann, er um var samið, nema því að eins, að hann útvegi því aðra vist jafngóða.

10. grein.

Ef húsbóndi á ólöglegan hátt heldur hjúí kyrru í vist hjá sér eptir skildaga, þá skal hann, ef önnur lög ekki ákveða meiri hegning, eptir því sem málið er lagað, sektast um 2 til 25 ríkisdali og gjalda skaðabætur fyrir það tjón, sem af þessu hlýzt. Varni hann hjúínu að komast í tækan tíma í aðra vist, er það hefir ráðið sig í, og hjúíð fyrir þá sök missir af vistinni, þá greiði hann hjúínu allt það kaup, er því var heitið í þeirri vist, er það átti að fara í, og þar að auki matarverð fyrir vistatíma þann, sem um var samið.

11. grein.

Ef húsbóndi riptar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal hann gjalda hjúí kaup og matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið. Matarverð karlmanns skal vera eitt hundrað á landsvísu fyrir hverja 12 mánuði, en kvennmanns þriðjung minna.

12. grein.

Ef hjú riptar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal það greiða húsbónda slíkt sem hann hefði átt að gjalda því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið.

13. grein.

Eigi má húsbóndi með neinum samningi afsala öðrum vistarráð yfir hjúí sínu nema það samþykki. Nú deyr húsbóndinn, og skal þá vistarráðunum áfram haldið með ekkju hans eður búi, ef búnaður stendur; en ef búi er brugðið, skal búi skylt að útvega hjúí aðra vist jafngóða, því að kostnaðarlausu, en ella gjalda því sem fyrir vistarrof (11. gr. smbr. 30. gr.).

14. grein.

Húsbóndi skal veita hjúí sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og láta veita því næga þjónustu og leggja því til venjulegan

rúmfatnað, skæðaskinn og annað, eptir því sem venja er til í hverri sveit hjúum að veita auk kaups.

15. grein.

Hve mikið hjúid skuli hafa í kaup, í hverju og hve nær það skuli goldið, skal komið undir því, er húsbóndinn og hjúid hafa orðið ásátt um. Nú hefir ekki verið ákveðið um upphæð kaupsins, og skal hjúid hafa svo mikið kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

Geti hjú sökum klæðleysis eigi gengið að allri vinnu, hefir húsbóndi heimtingu á, að það taki nægileg fól upp í kaup sitt, þótt hjúid hafi áskilið sér það í öðrum eyri, og skal það koma jafnt niður á alla aura, ef kaupið er áskilið í ýmsum ákveðnum aurum.

Rétt goldnir eru hjú í kaup peningar og allir aðrir aurar þeir, er gjaldgengir eru í kaup eptir sveitarvenju, hafi ekki verið ákveðið milli húsbónda og þess, í hverju greiða skuli kaupið; og skal þegar lagðir skulu peningar í hundruð, virða þá eptir verðlagsskrár meðalverði.

Hafi ekki verið öðruvísi um samið, skal eindagi kaupgjaldsins vera undir eins og vistartíminn er á enda.

16. grein.

Hjúid skal vera háð þeirri stjórn og reglu, er húsbóndinn setur á heimilinu, eður sá, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, og vera honum auðsveipið; það skal af ítrasta megni stunda gagn húsbónda síns og ganga til allra verka, er því eru skipuð, nema einhver sérstakur óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa þau af hendi eptir fremstu kröptum.

Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem eru samboðin stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa.

17. grein.

Eigi má hjú án samþykkis húsbónda fá annan til að gegna verkum sínum.

18. grein.

Hjú skal bæta húsbónda sínum hvert það tjón eður skemmdir, er það veldur honum vísitandi eður af skeytingarleysi, eður af því, að það eigi kann til þeirra verka, er það lézt kunna, er það ræðst í vistina, og eins hvert annað tjón eður skemmdir, er húsbóndi biður fyrir óhlýðni þess; svo á hjú og að greiða húsbónda skaða-

bætur fyrir vinnutjón það, er hann biður, fyrir það að hjú er sett undir laga-ákæru sökum glæpa, er það fremur. Skal húsbónda heimilt að halda jafnmiklu eptir af kaupinu, sem skaðabótunum nemur.

19. grein.

Fyrir óhlýðni, þrjúzku, mótþróa eður illyrði við húsbændur sína eður þann, sem fyrir þeirra hönd á yfir því að segja, skal hjúð sektast um 1—20 rd.; en setji það sig upp á móti þeim eður áreiti þá í verkum, þá sektist það um 5—50 rd., nema svo sè, að það hafi unnið til meiri hegningar eptir öðrum lögum.

20. grein.

Hjú eru undir húsaga þangað til þau eru orðin 16 ára. Sè húsaga beitt við slík hjú fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 19. grein, fellur burt hegning sú, sem þar er ákveðin.

21. grein.

Nú sýkist hjú eður slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni sjálfs þess, þá skal það sjálft kosta lækninguna og endurgjalda húsbónda fæði og hjúkrun meðan það er sjúkt, og eigi á það heimting á kaupum fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

22. grein.

Ef hjú slasast eður veikist, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda, hvort heldur af því, að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá að því voru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sérstaklegum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins, og greiða því skaðabætur fyrir verkatjón þess, ef nokkurt verður, eptir að það er frá honum farið. Eptir atvikum skal húsbóndi þar að auki sæta sektum frá 2—50 rd., nema hann hafi bakað sèr þyngri hegning eptir öðrum lögum.

23. grein.

Nú veikist hjú eður slasast af öðrum atvikum, en nú voru talin (21. og 22. gr.), og skal það þá sjálft greiða þann kostnað, er leiðir af lækning þess og sérstaklegri aðhjúkrun, en húsbónda skal skylt að fæða það án endurgjalds. Sè legan ekki hálfum mánuði lengri um slátt eður um vertíð, eður mánuði lengri um aðra árstíma, þá skal hjúð einskis í missa af kaupum sínu; en fatlist hjú lengur frá verkum en nú var sagt, missir það kaup um þann tíma, sem það er lengur veikt. Deyi hjúð, hafa erfingjar

Þess eigi heimting á kaupi eplir það fyrir lengri tíma, en það var búið að vinna fyrir kaupi, áður en það varð ófært til verka.

24. grein.

Samningur milli húsbónda og hjús um, að vistinni skuli lokið undir eins og hjúið verði sjúkt, er ekki skuldbindandi fyrir hjúið; og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því vistarráðin hafa verið bundin slíkum skilmála, eður af því svo hefir verið um samið eptir að það varð veikt, þá losast hann eigi heldur gagnvart þeirri sveit eður þeim mönnum, er hjúið kann að verða til þyngsla, frá skyldum sínum við það eptir þessari tilskipun.

25. grein.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sé á enda, nema læknir eður sóknarprestur eður tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því álití, að hjúinu sé ekkert mein þar af búið, nè öðrum, ef sýkin er sótt næm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burt, þá skal hann sæta sektum eptir 22. grein, eður og þyngri hegning eptir öðrum lögum, og standast að auki allan kostnað af hjúkrun og lækning sjúklingsins.

26. grein.

Þegar hjú, sem veikist eður slasast í vistarverunni, á eptir tilskipun þessari sjálfst að greiða lækningarkostnað fyrir sèrstaka hjúkrun þess, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af sveitarsjóðnum þar sem hjúið er í vist, er aptur skal fá það endurgoldið af framfærsluhrepp hjúsins.

Deyi hjú í vist, skal húsbóndi annast greptrun þess, ef erfingjar eigi gjöra það, en fá aptur kostnaðinn endurgoldinn af eigum hjúsins, og að því, er þær eigi hrökkva til, af sveitarsjóðnum, samkvæmt því sem nú var sagt.

27. grein.

Húsbóndi má þegar reka hjú úr vist fyrir þær sakir, er nú skal greina:

1. Ef hjúið leggur hönd á húsbóndann eður vandamenn hans á heimilinu, eður aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, eður meiðir þá með illyrðum.
2. Ef hjúið sýnir húsbóndanum freka og viðvarandi þrjózku, eður stöðugt skeytingarleysi eður ótrúmennsku í því, sem það á að gjöra.
3. Ef hjúið tælir börnin eður vandamenn húsbónda á heimilinu

til illverka eður ósiðsemi, eður ef börnum á heimilinu er bersýnileg hætta búin af illri meðferð þess eður skeytingarleysi.

4. Ef hjúið af varmennsku skemmir eigur húsbóndans, eður misþyrmir skepnum þeim, er hann á eður hefir undir hendi.
5. Ef hjúið sýnir af sér fjarskamikið eður ítrekað skeytingarleysi með ljós, eld eður annan voða, er skaði getur hlotizt af á heimilinu.
6. Ef hjúið er aptur og aptur svo drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans, að það geti ekki gengið til allra verka.
7. Ef hjúið með ill-lyndi eður rógi raskar friði og reglu á heimilinu, og lætur eigi af því þrátt fyrir ítrekaðar áminningar húsbóndans.
8. Ef hjúið drýgir einhvern þann glæp, sem að almennings álitu er svívirðilegur.
9. Ef hjúið er haldið næmri eður viðbjóðslegri veiki, þegar það á að fara í vistina, eður fær slíka veiki í vistinni sökum ósiðsamlegs lífennis.
10. Ef hjúið hefir tælt húsbóndann með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann ræði það til sín.
11. Ef hjúið eigi kann til þeirra verka, er áskilið var, að það skyldi kunna og það sjálft læzt kunna, er það ræðst í vistina, eður það hefir nokkra þá ókosti, sem það þá neitaði að hafa.

28. grein.

Þegar hjú er rekið burt úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 27. grein, eður það hleypur burt úr vistinni án löglegra orsaka, skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann átti að greiða því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið; þó skal þar frá dregið það, sem því ber í kaup eptir tiltölu rættri fyrir þann tíma, sem það hefir verið í vistinni. Auk þessa skal hjúið sæta hegning þeirri og skaðabótum, er það með broti sínu að öðru leyti kann að hafa bakað sèr.

29. grein.

Þá hefir hjú löglegar ástæður til að ganga þegar úr vistinni:

1. Ef húsbóndi misþyrmir hjúinu.
2. Ef húsbóndi leitast við að tæla hjúið til illverka eður lauslætis, eður ef aðrir heimilismenn gjöra sig bera að slíku, og húsbóndi ekki veitir hjúinu tilhlýðilega verndun, þótt það beri sig upp undan því við hann.

3. Ef húsbóndi lætur hjúið búa að staðaldri við illa og ónóga fæðu.
4. Ef húsbóndi meiðir freklega mannorð hjúsins, eða ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af.
5. Ef hjúið fær ekki kaup sitt í ákveðinn tíma.
6. Ef lífi eður heilsu hjúsins er hættu búin af veru þess á heimilinu.
7. Ef húsbóndi flytur af landi burt.

30. grein.

Ef hjúið fer úr vist fyrir nokkrar þær sakir, sem greindar eru í 29. grein, eður húsbóndi rekur það úr vist án löglegra orsaka, þá á það heimting á kaupum fyrir vistartíma þann, er um er samið, og matarverði 10 álnum, ef það er karlmaður, en þriðjungu mínna, ef það er kvenmaður, fyrir hvern mánuð þritugnættan, sem eptir er vistarverunnar. Auk þessa skal húsbóndi sæta þeirri hegning og skaðabótum, sem hann annars kann að hafa bakað sér með framferði sínu.

31. grein.

Í þrotabúi húsbónda hefir hjú forgöngurætt til kaups og matarverðs eptir því sem ákveðið er í laganna 5—14—37., þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár.

32. grein.

Fyrir eins árs kaupum og matarverði, er þó eigi má vera frá eldri tíma en ári því, er var á enda næsta hjúaskildaga á undan, getur hjúið látið gjöra fjárnám hjá húsbónda, ef hann eigi mótmælir kröfunni.

33. grein.

Fógeti eður hreppstjóri, er fjárnám gjörir fyrir kaupum eður matarverði, er hjú á hjá húsbónda, á eigi heimtingu á neinni borgun fyrir fjárnámið, nema hún geti fengizt hjá húsbónda eptir að hjúið er búð að fá sína kröfu borgaða að fullu.

34. grein.

Mál, er snerta það efni, sem rætt er um í þessari tilskipun, eiga fyrir lögreglurætt. Brot á móti 25. grein skulu sæta opinberri ákæru, en að öðru leyti skal fara með öll mál, er rísa út af tilskipun þessari, eins og lögreglumál einstakra manna.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Árið 1861 var lagt fyrir alþingi frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi¹, og var það byggt á frumvarpi til íslenzkra hjúalaga, er nefnd sú hafði samið, er skipuð var í Reykjavík 1855. Í álitsskjali² sínu um málið fór þingið fram á, að frumvarpi stjórnarinnar yrði breytt eptir frumvarpi, er þingið sendi með álitu sínu, og voru í því gjörðar töluverðar breytingar á ýmsum köflum í stjórnarfrumvarpinu. Var því næst samið nýtt frumvarp³ til hjúalaga og lagt fyrir alþingi árið 1863; hafði stjórnin í því fallið á mörg af þeim atriðum þar sem frumvarp alþingis var frábrugðið hinu fyrra frumvarpi stjórnarinnar, en aptur voru sumar uppástungur alþingis svo lagaðar, að stjórninni fannst hún ekki geta tekið þær til greina. Í álitsskjali⁴ sínu um þetta hið nýja frumvarp stjórnarinnar fór þingið fram á, að hjúalagafrumvarp, er það hafði samið og fylgdi álitsskjalinu væri gjört að lögum. En með því að þetta frumvarp alþingis í öllum aðalatriðunum, ekki var annað en ítrekun frumvarps þess, sem það hafði samið 1861, og sem stjórnin hafði ýtarlega sagt álit sitt um og að nokkru leyti hrakið í ástæðunum fyrir frumvarpi sínu 1863, og með því að það þótti ísjárvert að fallast á breytingar þær, sem þingið hafði gjört á sumum af aðalatriðum stjórnarfrumvarpsins, einkum á 1. og 2. gr., 7.—11. gr. og 19. gr., úrskurðaði konungur 9. dag júnímán. 1865, samkvæmt þegnlegum uppástungum dómsmálastjórnarinnar, að frumvarp það til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, sem lagt hafði verið fyrir alþingi 1863, skyldi enn á ný borið undir álit þingsins á fundi þeim, er þá var fyrir hendi, og skyldi skýra frá í bræfi til konungsfulltrúa, er hann gæti lagt fyrir þingið, hverjar af uppástungum alþingis stjórnin kynni að fallast á, og hverjum hún yrði eindregið að vera móttæð.

Samkvæmt þessu lagði konungsfulltrúi stjórnarfrumvarpið frá 1863 fyrir alþingi það, er haldið var 1865, og gjörði því kunnugt bréf dómsmálastjórnarinnar⁵ um málið. Þingið ræddi síðan málið á lögskipaðan hátt og sendi stjórninni þegnlegt álitsskjal⁶ um það, var í því beðið um, að frumvarpið með breytingum, sem vikið var

1) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1861, A. viðbætur 3.—26. bls.

2) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1861, 1765.—1292. bls.

3) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1863, I, 5.—26. bls.

4) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1863, I, 491.—520. bls.

5) Bræfið er prentað í stjórnartíð. á 181.—186. bls.

6) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1865, II, 506.—522. bls.

á í álitsskjalinu, væri gjört að lögum. Álitsskjalið bar með sér, að þingið hélt fast við þær af hinum fyrri uppástungum sínum, sem dómsmálastjórnin hafði látið í ljósi, að hún mundi fallast á, en að það á hinn bóginn hafði sleppt uppástungum þeim, sem gjörðar voru í 7.—9. gr. og 11.—13. gr. alþingisfrumvarpsins frá 1863 og breytingaruppástungunni við 19. gr. stjórnarfrumvarpsins, en þær hafði dómsmálastjórnin aftekið að fallast á. Ágreiningsatriðin milli frumvarps stjórnarinnar og þingsins voru því nú ekki orðin önnur en þessi:

- a. 1. grein frumvarpsins, er alþingi stakk upp á að væri þannig orðuð: «Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú, þó með ráði og vilja sóknarprests síns, sè hann ófermdur. Vistarráðum þeirra, sem yngri eru en 16 ára, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn». En í stjórnarfrumvarpinu stendur: «Hver maður, sem er fullra 18 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú. Vistarráðum þeirra, sem yngri eru en 18 ára, ráða foreldrar eður aðrir forráðamenn, en þeir geta veitt þeim, er hlut á að máli, myndugleik til að gjöra það sjálfur».
- b. 2. grein frumvarpsins. Í stjórnarfrumvarpinu var hún svo látandi: «Það er komið undir samkomulagi, hversu lengi vistarráðin skuli vara; þó skulu engin vistarráð gilda lengur en eitt ár í senn. Nú er enginn vistartími tiltekinn, þá ber svo að álíta, að vistarráðin hafi verið gjörð fyrir eitt ár, þannig að þeim sè lokið á næsta almenna hjúaskildaga á eptir, nema samningurinn hafi verið endurnýjaður». En alþingi stakk upp á, að hún væri orðuð þannig: «Engin vistarráð skulu vera bindandi til lengri tíma en 12 mánaða í senn; en gild skulu vistarráð, þótt skemur sè um samið, þó því að eins, að þau standi til næsta hjúaskildaga á eptir».
- c. 5. grein frumvarpsins. Í frumvarpi stjórnarinnar var hún þannig orðuð: «Nú er hjú ráðið í vist árlangt, og hefir hvorki hjúíð nè húsbóndinn sagt lausri vistinni, þá má hjúíð eigi ráða sig í vist hjá öðrum húsbónda fyrir jól. Ef brotið er á móti þessu, þá eru ekki einungis hin nýju vistarráð ógild, heldur skal og sá húsbóndi sekur um 5—10 rd., sem hefir ráðið það til sín, þótt hann vissi, að ekki var enn búíð að segja upp frá næsta hjúaskildaga á eptir vistarráðum þess við hinn fyrri húsbónda». Í álitsskjali þingsins er grein-

inni breytt þannig: «Ef hjú ræður sig hjá öðrum manni fyrir jól, þá skulu þau vistarráð ógild, nema húsbóndi eða hjú hafi látið hitt vita, að það eigi vilji endurnýja vistarráðin fyrir næsta ár. Ef maður ræður vísvitandi annars hjú, þá verður hann um það sekur 5—10 rd.».

- d. Hin nýja 10. grein. Hún var í álitsskjali þingsins eins og 11. grein í hinu fyrsta frumvarpi stjórnarinnar, nema að þingið stakk upp á, að þessum orðum í enda greinarinnar: «Þá greiði hann hjúinu helminginn af kaupum því, er því var heitið í annari vist, er það átti að fara í, og matarverð til fardaga», sè breytt þannig: «Þá greiði hann hjúinu allt það kaup, er því var heitið í þeirri vist, er það átti að fara í, og matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið».
- e. Fyrsti liður í 19. grein stjórnarfrumvarpsins, en hann er svo látandi: «Hjú eru undir húsaga, karlmenn þangað til þeir eru orðnir 18 ára að aldri, og konur þangað til þær eru orðnar 16 ára». Honum hefir alþingi breytt þannig: «Hjú eru undir húsaga, þangað til þau eru orðin 16 ára». Sem ástæða fyrir breytingu sinni á 1. grein stjórnarfrumvarpsins ítrekaði þingið að eins það sem það hafði sagt 1861 og 1863, að eptir íslenskum lögum, einkum fátækrareglugjörðinni 8. janúar-mán. 1834, 7. gr., opnu bréfi 6. júlímán. 1848 og tilskipun 30. aprílmán. 1824, 3. gr. 1. lið, samkvæmt almennri og fastri réttarvenju og réttarmeðvitund landsmanna, sèu menn bærir að ráða sèr sjálfir þegar þeir sèu 16 ára, en kom ekki fram með nein önnur rök fyrir þessari skoðun sinni, en þau, sem búið var að hrekja í ástæðunum fyrir frumvarpi því, er lagt var fyrir alþingi 1863, og í bréfi dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa, dags. 12. júnímán. 1865. Konungsfulltrúi lagði fastlega á móti því í álitsskjali sínu um málið, að fall-izt væri á þessa breytingu, með því að hann álitur ástæður alþingis fyrir henni þýðingarlausar. Dómsmálastjórnin var einnig fyrir sitt leyti á því máli, að þar sem alþingi fer því fram, að 18 ára aldurstakmarkið í 1. grein stjórnarfrumvarpsins sè ný ákvörðun, er ekki sè samkvæm nú gildandi lögum, þá sè sú skoðun á engum rökum byggð, því að eptir þeim lögum, er nú gilda á Íslandi, er 18 ára aldurinn aldurstakmark bæði fyrir því, að menn verði bærir að ráða sèr sjálfir og eins fyrir því, að menn verði fjár síns ráðandi, þar sem

tilskipun 31. desembermán. 1834 beinlínis hefir löggilt á Íslandi 3. bókar 17. kapitula í dönsku lögum, og ákvörðunin í tilskipuninni, er að þessu lýtur, ber með sér, að menn áður höfðu verið í efa um, hvort 3—17. gildi á Íslandi, en tilgangur hennar var að draga af allan efa um það. Þess má einnig geta, að 18 ára aldurinn áður var aldurstakmark fyrir að geta ákveðið um ýmislegt, er snertir mann sjálfan, t. a. m. að geta skorið úr, hvort áfrýja eigi dómi, sem dæmir í líkamlega refsingu, smbr. tilskipun 2. nóvembermán. 1798 og opið bréf 3. júlímán. 1822. En með því að alþingi enn sem fyrr með miklum atkvæðafjölda hefir álitnið bezt henta á Íslandi, að leyfa mönnum að ráða sig sjálfa í vist, þegar þeir eru 16 ára, og meira að segja þótt þetta breytingaratriði svo þýðingarmikið, að það til vara hefir beðið um, að málinu verði frestað fyrst um sinn, ef breytingin ekki verði tekin til greina, þá fannst stjórninni ekki vera nægar ástæður til að hafna tillögum alþingis um þetta atriði, og það því síður, sem það í sjálfu sér ekki er svo mikils varðandi. En þó látið hafi verið eptir alþingi í þessu, þá flýtur engan veginn af því, að sú grundvallarregla sè viðurkennd, að menn, sem eru 16 ára gamlir, sèu yfirhöfuð að tala bærir að ráða sjálfum sér, heldur verður þessi ákvörðun sèrstök undantekning frá þeirri aðalreglu, að 18 ára aldur annars er skilyrði fyrir að ráða sér sjálfur.

Hvað breytinguna á 2. grein stjórnarfrumvarpsins snertir, hefir þingið ítrekað allar þær ástæður, sem til eru færðar í álitsskjali þess 1863, og einkum lagt áherzlu á, að 12 mánaða vistarráðin, sem hin almenna reglan, eigi að styðjast bæði við ómuna réttarvenju og fasta og almenna réttarmeðvitund, og jafnframt við hreina og beina nauðsyn, eptir því sem á stendur á Íslandi. Enn fremur tók þingið fram, að ef 2. grein væri gjörð að lögum, eins og hún er í frumvarpinu, þá mundi verða erfiðara að skera úr, hvort maður hafi áunnið sér framfærslurétt á sveit, með því að eiga þar heima um hinn lögákveðna áratíma samsfleytt. Því þegar hinn lögákveðni vistartími er eitt ár, má æfinlega sjá á sóknarmanntali hlutaðeigandi prests, hvar hjúið hafi átt heima; en ef ekkert er ákveðið í lögnum um, hversu langur vistartíminn eigi að vera, þá fáist engin vissa fyrir, hvar hjúið hafi átt heimili, af manntalinu, þar sem það að eins er tekið einu sinni á ári. Þó að nú

dómsmálastjórninni ekki gæti þótt þessar ástæður alþingis þýðingarmiklar, og hún enn sem fyrr hlýti að vera á því máli, að breyting sú, sem þingið stakk upp á, gjörði óeðlilega takmörkun á samningsfrelsi manna, virtist ekki vera nægilegt tilefni til að halda fram ákvörðun frumvarpsins um þetta atriði, sem í sjálfu sér ekki er mjög mikils varðandi, gegn eindregnum mótmælum alþingis.

Það þótti ekki vera ástæða til að neita, að taka breytingar þær til greina, sem til færðar eru í staflíð «c» og «d», og breytingin í staflíð «e» er svo nátengd breytingunni á 1. grein, að þær hljóta að vera samfara.

Að endingu skal þess getið, að orðabreyting sú, sem alþingi hafði gjört í 11. grein fyrsta stjórnarfrumvarpsins (10. gr. alþingisfrumvarpsins), en hún er sú, að þessum orðum í upphafi greinarinnar: «Ef húsbóndi á ólöglegan hátt heldur hjúi kyrru í vist hjá sér eptir skildaga» sé breytt í: «Ef húsbóndi með lokkunum, hótunum eður á annan ólöglegan hátt heldur hjúi kyrru í vist hjá sér eptir skildaga», sumpart er óþörf og sumpart getur ollað misskilningi, og að því þótti réttast, að láta greinina halda sér eins orðaða, og verið hafði frá upphafi.

Reglugjörð um að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar¹, dags. 26. janúar 1866.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vars trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt til reglugjörðar um að gjöra Ísafjörð að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Verzlunarstaðurinn Ísafjörður, — þar með talin öll Skutulsfjarðareyri og prestssetrið, sem á eyrinni stendur, — skal hëðan í frá vera bæjarfélag og lögsagnarumdæmi sér, og nefnast kaupstaður.

Bæjarfógetinn og fulltrúar kaupstaðarins skulu í sameining hafa á hendi alla stjórn þeirra bæjarmálefna, sem eigi eru undan skilin með öðrum ákvörðunum, undir tilsjón amtmannsins yfir Vesturamtinu og yfirstjórn viðkomandi stjórnarráðs.

1) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1865 II. 86.—98. bls., og 229.—230. bls.

Sambandi því, sem verið hefir millum Ísafjarðar verzlunarstaðar og Eyrar hrepps, skal þess vegna hér eftir vera slitið, og skal fé því, er verzlunarstaðurinn og hreppurinn nú eiga í sameining, og hreppspýngslum öllum skipt til helminga milli bæjarins og hreppsins. Skipti þessi skulu gjörð af sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu, öllum bæjarfulltrúunum og jafnmörgum mönnum úr Eyrarhrepp, sem allir búendur í hreppnum, er gjalda nokkuð til sveitar, kjósa með atkvæðafjölda á kjörfundi fyrir sýslumanni.

2. grein.

Fulltrúar Ísafjarðar kaupstaðar skulu vera fimm; þeir skulu kosnir af bæjarbúum þeim, sem kosningarrétt hafa samkvæmt þessari reglugjörð.

3. grein.

Kosningarrétt hafa, með þeim undantekningum, sem gjörðar eru í 5. grein, allir fullmyndugir menn, sem ekki eru öðrum háðir sem hjú, og hafa verið búfastir í kaupstaðnum síðasta árið, þegar þeir að minnsta kosti borga 2 ríkisdali í bæjargjöld á ári.

4. grein.

Kjörgengur er hver sá, sem kosningarrétt hefir eftir næstu grein á undan.

5. grein.

Enginn sá getur tekið þátt í kosning bæjarfulltrúa, eða orðið fyrir kosning, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það brot, sem svivirðilegt er að almennings áliti, eða ákærður hefir verið um slíkt brot, nema hann með dómi, er eigi verður raskað, hafi verið dæmdur alsýkn sakar; eigi heldur sá, sem settur er undir fjárgæzlu annara, eða ef bú hans er tekið upp sem þrotabú, eða sè nokkurt það mál honum á hendi, að tekin sèu fyrir þá skuld af honum öll fjárforráð að lögum.

Fæður og afkomendur mega eigi eiga setu í bæjarstjórninni í senn.

Sá, sem kjörinn er bæjarfulltrúi, skal eigi vikja úr fulltrúasæti, þó hann síðar missi þá hæfileika, sem kjörgengi er bundið við eftir 3. og 4. grein; en komi eitthvað það fyrir, sem eftir þessari grein (5. grein) gjörir mann óhæfan til bæjarfulltrúa, skal honum fyrst um sionn bægð frá fulltrúastörfum, þangað til hindranin er horflu, eða hún er orðin viðvarandi. Bæjarfógetinn og bæjarfulltrúarnir eiga að skera úr öllu því, er að þessu efni lýtur, er nú var sagt, og eins þegar einhver af bæjarfulltrúunum ann-

ars verður sekur að slíkum yfirsjónum, að hann hlýtur að víkja úr fulltrúasæti; þó á sá, er blut á að máli, kost á að bera málið undir æðri yfirvöld.

6. grein.

Bæjarfulltrúarnir skulu kosnir fyrir 5 ár. Af þeim, sem kjörnir eru í fyrsta skipti, skal einn fara frá að ári liðnu og síðan einn á ári, og skal það vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Ef einhver fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir sem til þess eru, áður en 5 ár eru liðin frá kosning hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefir sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 5 ár, er frá fór. Fari einhver fulltrúi frá hina 6 síðustu mánuði ársins, má fresta kosning til þess á aðalkjörfundi. Kjósa má jafnan þann að nýju, er frá fer, en hafi hann gegnt fulltrúastörfum í 3 ár eður lengur, er hann eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyrr en eptir jafnlangan tíma, og hann hafði áður verið fulltrúi. Svo má og hver sextugur maður eða eldri skorast undan fulltrúakosning.

7. grein.

Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir nýár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf misreitis. Svo skal kosning undir búá, að skrá sè samin um þá, sem kosningarrétt hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en þessir eru kjörstjórar: í fyrsta sinn bæjarfógetinn á Ísafirði og 2 menn af Ísafjarðarbúum, er hann til þess kveður; en upp frá því eru kjörstjórar: bæjarfógetinn, oddviti fulltrúanna og einn fulltrúanna, er þeir sjálfir til þess kjósa. Þegar semja skal kjörskrá, skal bæði gjaldkeri bæjarins og aðrir bæjarfulltrúar vera kjörstjórninni til aðstoðar, ef þörf gjörist. Skráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað, um 14 daga á undan kjördegi. Mót-bárur gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sè vantalin, á að tilkynna bæjarfógeta að minnsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, svo að kjörstjórnin geti þann dag lagt úrskurð sinn á málið; en að öðrum kosti missir hlutaðeigandi rétt sinn í því efni.

Hið fyrsta sinn skal kjósa bæjarfulltrúa svo fljótt sem verður, eptir að reglugjörð þessi er birt á Ísafirði, en þó skal telja sýslutíma þeirra frá næsta nýári á eptir.

8. grein.

Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosu-

ingar skulu fram fara, að minnsta kosti 8 dögum á undan með auglýsingarbréfi; skal kjörfundurinn haldinn fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns, koma sjálfir á kjörfund, og lýsa því yfir munnlega fyrir kjörstjórninni, hvern þeir vilji kjósa.

Þegar allir þeir, er kjósa skulu, hafa átt kost á að gefa atkvæði sín og þau eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar upp öll atkvæðin, en hinir tveir kjörstjórnarnir rita þau upp og telja saman. Þann skal nefna kjörinn fulltrúa, sem hlotið hefir flest atkvæði. Nú hafa tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

9. grein.

Þegar kjósa á fleiri en einn fulltrúa, skal hver þeirra kjörinn sèr í lagi, á þann hátt sem áður er fyrir mælt.

10. grein.

Ef sá, sem kjörinn er fulltrúi, ber upp afsökun nokkra metur kjörstjórnin, hvort hún sè gild, og verði það atkvæði meiri hluta kjörstjórnarinnar, skal kjörstjóri boða til annars kjörfundar innan 8 daga, til að kjósa að nýju. Nú telur kjörstjórnin afsökun hans ónóga, en hinn kosni vill þó eigi gangast undir kosning, þá á hann að skora á kjörstjórnina að bera málið undir amtman, og sker þá amtmaður tafarlaust úr.

Þyki það vafasamt, annaðhvort af þeim mótbárum, sem fram hafa komið frá einhverjum, sem hlut á að máli, eða þyki kjörstjórninni sjálfri vera vafi á því, hvort atkvæðafjöldi sè fyrir einhverri kosning, eða ekki, eða verði að öðru leyti mótmæli gjörð gegn lögmæti kosningarinnar, á kjörstjórnin að leggja úrskurð á málið og til greina ástæður fyrir þeim úrskurði; sá úrskurður sè síðan tafarlaust sendur amtmanni, og skal hann, ef honum virðist eigi hafa verið löglega að farið um kosninguna, gjöra þá ákvörðun, er með þarf í því efni. En þó enginn slíkur vafi sè um lögmæti kosningarinnar, á þegar í stað að senda amtmanni skýrslu um kosninguna; þyki þá amtmanni eigi að síður vafasamt, hvort kosning sè lögmæt, á hann að leggja málið undir úrskurð hlutaðeigandi stjórnarráðs; þó er honum heimilt að gjöra kosninguna ógilda að sinni með úrskurði sínum, þyki honum ísjárvert að láta hana haldast, þangað til úrskurður stjórnarráðsins verður fenginn. Finni amtmaður engan galla á kosningunni, þá á hann að gefa kjörstjórninni það til vitundar svo fljótt, sem orðið getur. Þar að

auki á sérhver, sem hefir nokkur mótmæli gegn kosningunni og einkum úrskurðum þeim, er hafa verið upp kveðnir um hana, að bera upp fyrir kjörstjórninni skriflega umkvörtun um það, áður 8 dagar sèu liðnir frá því úrskurðurinn var upp kveðinn eða kosning fór fram, því annars verður slíkri umkvörtun enginn gaumur gefinn. Skal kjörstjórnin þegar senda amtmanni kvörtunina með álitu, sínu og leggur amtmaður þá úrskurð á, áður hálfur mánuður sè liðinn. Verði þá kosning ógild eptir úrskurði amtmanns, skal kjósa á ný.

Ef sá, sem kosinn hefir verið bæjarfulltrúi, eða kjörstjórnin, eða einhver annar, sem hlut á að máli, ekki er ánægður með úrskurð amtmanns um eitthvað af því, sem um er rætt í þessari grein, þá má bera málið undir hlutaðeigandi stjórnarráð.

11. grein.

Sá, sem kosinn er fulltrúi, sendir bæjarfógeta skriflegt heit, og skuldbindur hann sig í því, samkvæmt borgara-eiði sínum, en hafi haun eigi svarið borgara-eið, lofar hann með eiði, að gegna dyggilega öllum þeim skyldum, er staða hans leggur honum á herðar, bæði við konung og fósturjörð sína, og einkum við félag það, er hefir kosið hann til að taka þátt í stjórn bæjarmálefna sinna.

12. grein.

Við byrjun hvers árs kjósa fulltrúar úr flokki sjálfra sín oddvita og vara-oddvita; ræður þar atkvæðafjöldi. Fulltrúar skulu eiga með sèr fundi eptir því, sem þeir koma sèr saman um, hversu tíðir skuli vera, en auk þess kveður oddviti til funda endrarnær, er honum þykir nauðsyn til bera, eða tveir fulltrúar heimta. Oddviti skal, að því leyti unnt er, auglýsa fulltrúunum fyrir fram, hver málefni skuli rædd á fundum þeirra, en að öðru leyti á hver fulltrúi rétt á að bera upp á fundi hvert það málefni, er honum þykir nauðsyn til bera. Oddviti stýrir fundum og sèr um, að allt, sem þar er ákveðið, sè rétt bókað og annast um afgreiðslu þess. Þegar svo stendur á, að jöfn eru atkvæði, skulu þeir ráða, er oddviti fylgir að. Þeir skulu fulltrúar að minnsta kosti vera á fundi, ef nokkurt mál á að geta ráðizt til lykta. Jafnan skulu allir þeir fulltrúar, sem viðstaddir eru, rita nöfn sín undir fundabókina.

13. grein.

Bæjarfulltrúar skulu eiga þátt í stjórn allra þeirra málefna,

sem snerta eignir og stofnanir, tekjur og gjöld bæjarins, og eigi eru með neinni sérstakri lagaákvörðun undanskilin venjulegri bæjarstjórn; má því bæjarfógetinn ekkert kveða á um bæjarmál án þeirra samþykkis. Nú verður meiri hluti fulltrúa eigi á sama máli og bæjarfógeti, skal hann eiga fund við þá og ræða við þá um málið; verði þá meiri hluti fulltrúa enn eigi á sama máli og hann, má skjóta málinu undir úrskurð æðra yfirvalds. Það er sjálfsagt að telja það álit allra fulltrúa, er meiri hlutinn fellst á.

14. grein.

Hve nær sem leitað er álitis bæjarfógeta um eitthvað, er snertir hagi kaupstaðarins, þá á hann annaðhvort að yfirvega það mál með bæjarfulltrúunum í sameining, eða fá um það sérstaklegt álit þeirra, og ber þá ávallt að senda það með álitsskjali bæjarfógeta. Fulltrúar mega og sjálfir bera upp til umræðu sérhvert það mál-efni, er snertir hagi kaupstaðarins, og er það skylda bæjarfógeta, þegar fulltrúarnir koma fram með einhverja uppástungu, að kveða upp um hana skriflegan úrskurð, ef þeir krefjast þess. Nú eru bæjarfulltrúarnir eigi ánægðir með, hver úrslit málið hefir fengið í úrskurði þessum, þá geta þeir heimtað, að það sé borið undir æðra yfirvald, ásamt áliti þeirra og bæjarfógeta því til skýringar, ef þörf gjörist.

15. grein.

Í öllum þeim málum, er snerta þurfamenn, uppeldi og uppræðing barna, hefir hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum fulltrúanna.

16. grein.

Í byggingarnefnd þá, er sett mun verða á Ísafirði, skulu bæjarfulltrúar kjósa 4 menn, og skulu 2 þeirra vera úr flokki fulltrúanna.

17. grein.

Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta kjósa bæjargjaldkera; skal hann skyldur að hafa starf sitt á hendi að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aptri honum frá því, eða bæjarfógeta og fulltrúum þyki ráðlegra að fá öðrum manni sýslu hans í hendur áður en sá tími sé liðinn; nú verða bæjarfógeti og fulltrúar eigi á eitt sattir um ákvarðanir þær, er snerta kosning gjaldkera o. s. frv., skal málinu skotið til amtmanns úrskurðar.

1. grein.

Reikningsárið er frá fardögum til fardaga.

19. grein.

Fulltrúar skulu ásamt bæjarfógeta á hverju ári fyrir 20. dag janúarmánaðar semja áætlun um útgjöld þau, er líklegt þykir, að bærinn muni þurfa að greiða næsta fardagaár, hvort heldur er til forlagseyris þurfamönnum bæjarins, eða til annara bæjarþarfa. Í áætluninni skal og skýrt frá fè því, sem til er, til að borga með gjöldin, án þess skattur sè lagður á bæjarbúa. Þegar allar slíkar tekjur eru taldar, skal jafna tveim fimmtu hlutum af gjöldum þeim sem þá eru eptir, til hinna eiginlegu bæjarþarfa, á hús og lóðir bæjarmanna þannig, að 5 sjöttungum skal jafna á húsin eptir ferhyrningsmáli grundvallarins; en einum sjöttung á maturtagarða og aðrar útmældar lóðir, sömuleiðis eptir ferhyrningsmáli; en þrem fimmtungum þess fjár, sem þarf til hinna eiginlegu bæjargjalda, og því fè, sem þarf til forlagseyris þurfamönnum, skal jafna niður á alla bæjarbúa eptir efnun þeirra og ástæðum.

Beri ekkert það að höndum, að líklegt megi þykja, að útgjöldin eða tekjur þær, sem til eru upp í þau, verði meiri eða minni en árið næst á undan, skal hvorttveggja jafnhátt sett. Áætlunarskráin skal send amtmanni, og þyki honnm í henni ekkert athugasemdir, ritar hann það á hana og sendir hana aptur. Að öðrum kosti birtir hann bæjarstjórninni þær athugasemdir, er honum þykir að gjöra þurfi, og skal jafnan farið eptir þeim athugasemdum það ár, er áætlunarskráin nær yfir; en eigi þær að gilda um lengri tíma, og bæjarstjórnin þykist eigi geta kannast við, að þær sèu réttar, er hún skyld, áður mánuðar sè liðinn, að rita amtmanni um það, og sendir hann þá málið hlutaðeigandi stjórnarráði til úrlausnar.

20. grein.

Ef amtmaður gjörir engar athugasemdir um áætlunarskrána, eða ef öllu er komið fyrir svo sem athugasemdir hans bentu til, samkvæmt 19. gr., skal fè því, er safna á með álögum á bæjarbúa, jafnað niður á skattskylda menn. Ber þá að jafna niður í einu lagi á hvern skattskylda mann öllum þeim gjöldum, sem greiða á eptir sameiginlegum mælikvarða; þó skal þess gætt, að þeim, sem að lögum eru lausir við að greiða gjaldtegund nokkra, sem talin er meðal annara gjalda, má eigi gjöra meira en þeim ber að greiða í önnur gjöld, samkvæmt reglum þeim er gilda.

Allir bæjarfulltrúar ásamt gjaldkera bæjarins jafna niður gjöldunum á kaupstaðarbúa. Niðurrjöfnunin skal fullgjörð fyrir lok maí-

mánaðar; því næst skal niðurjöfnunarskráin, ásamt áætlunarskránni liggja á hentugum stað öllum til sýnis í 3 vikur, að minnsta kosti 3 stundir á degi hverjum; skal það opinberlega birt, hve nær hún sé lögð fram og hvar; og um hvert leyti dags hún sé öllum til sýnis. Öllum gjöldum skulu greiðendur hafa lokið á Mikjálsmessu.

21. grein.

Þyki einhverjum eitthvað aðfinningarvert við niðurjöfnunina, á hann að bera sig upp um það við bæjarfógeta áður sá tími sé liðinn, sem niðurjöfnunin liggur til sýnis, því annars verður slíkri umkvörtun enginn gaumur gefinn. Bæjarfógetinn og bæjarfulltrúarnir leggja úrskurð á málið; en sé kærandi eigi ánægður með úrskurð þenna, er honum frjálst að láta bæjarstjórnina bera málið undir úrskurð amtmanns.

22. grein.

Ef útgjöld bera að, sem ekki er gjört ráð fyrir í áætlunarskránni það ár, skal um þau gjöra skýrslu eins og boðið er í 19. grein um áætlunarskrána, og skal í öllu, er útgjöld þessi snertir farið að á þann hátt, sem ákveðið er í þeirri grein. En nemi þau gjöld, sem eigi hefir verið gjört ráð fyrir í áætlunarskránni, eigi meiru en 50 ríkisdöllum, þá þarf eigi að gjöra um þau sérstaklega skýrslu, og skal þá jafna þeim niður með gjöldum næstkomanda árs.

23. grein.

Bæjarsjóðurinn skal geymdur hjá gjaldkera, og skal hann, að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæði bæjarfógeta og fulltrúum nákvæma sjóðskýrslu, er sýni bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri neitt greiða úr bæjarsjóði, nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni.

24. grein.

Fulltrúar, ásamt bæjarfógeta, skuli hafa nákvæma umsjón með fjárhag bæjarins. Þeir gæta þess, að skattar og aðrar tekjur bæjarins séu heimtaðar á réttan hátt og í tækan tíma og þær teknar lögtaki, ef þörf gjörist, svo og, að fænu sé varið til útgjalda bæjarins. Þyki reikningar gjaldkera eigi nógu skýrir, eða tekjur reynist óheimtar, eða gjöld ógreidd, er greidd skyldu vera, skulu þeir gjöra þær ráðstafanir, er nauðsyn ber til, til að hrinda því í lag, er áfátt þykir.

Allar ávísanir skulu fulltrúar undirskrifa á fundi.

Bæjarstjórnin skal leggja alla stund á, að öll störf þau, sem unnin eru á kostnað kaupstaðarins, séu vel af hendi leyst og með sem minnstum kostnaði; skal bæjarfógetinn hafa stöðugt eptirlit með slíkum störfum, en fulltrúarnir skulu skiptast á um að gæta þeirra, eptir því sem þeim þykir hentast, og sjá um, að slík störf séu unnin sem haganlegast og í öllu samkvæmt því, sem upphaflega var á kveðið.

25. grein.

Þó bæjarfógeti og fulltrúar eigi rétt á að gjöra ályktanir bæjarins vegna um það, er fjárhagsefni snertir, með tilsjón þess yfirvalds, er til þess er skipað, þá verður að undan skilja þær ráðstafanir, sem eru öldungis sérstaklegar, eða miklu varða fyrir bæinn um langan tímu.

Til þessa má telja: að taka fê að láni eða lengja tíma þann, er borga skal á lánsfê, sem þegar er fengið; að veita laun eða hækka þau, ef meiru nemur en 20 ríkisdöllum; sömuleiðis eptirlaun, þegar þau nema meiru, en uú var sagt; að veita geflins fêstyrk, er meiru nemi en 30 ríkisdöllum; að afsala fasteignir kaupstaðarins, og því einnig að úthluta kaupstaðarjörðum, svo að þær verði eign einstakra manna, er aptur á móti lúka á ári hverju ákveðnu gjaldi í bæjarsjóð; að byggja kaupstaðarjarðir um lengri tíma en 10 ár eða á annan hátt en við opinbert uppboð; að kaupa hús eða land undir kaupstaðinn; að færast í fang byggingarstörf, sem ekki verða framkvæmd nema auknar séu álögur þær, er bæjararmenn um 3 undanfarin ár hafa goldið að meðaltali; að gjöra slíkar sættir til að komast hjá málaferlum, að á kaupstaðinn leggist nokkur skuldbinding, eða slakað sé nokkuð til um rétt hans.

Þegar eitthvað af þessu kemur fyrir, svo að bæjarstjórnin eigi má skera úr, skal amtmaður, ef bráðs úrskurðar þarf við, og bæjarstjórnin er því samþykk, og honum eigi heldnr virðist það ísjárvert, hafa vald til að gjöra út um þessi mál; en að öðrum kosti á að senda hlutaðeigandi stjórnarráði málið til úrskurðar, með álitsskjölum allra, er hlut eiga að, og þar á meðal amtmannsins.

26. grein.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið, og senda bæjarfógetanum fyrir lok júnímánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þenna liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um hvernig slíkt sé birt farið að á sama hátt og

fyrir er mælt að framan í 20. grein um niðurföfnunina. Reikningurinn sé því næst vandlega yfirfarinn af skoðunarmanni, er kosinn sé af kaupstaðarbúum þeim, er samkvæmt 3. grein hafa kosningarrétt skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir, og hafa það starf á hendi um 5 ár eins og þeir. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fékk hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfmánaðar, skal reikningurinn ásamt athugasemdum skoðunarmanns og svari gjaldkera sendur til amtmanns, og á hann að leggja úrskurð sinn á þær.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágríp af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágríp það að vera svo fullkomið, að til séu greind sér í lagi öll atriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Opið bréf um að stofna byggingarnefnd á kaupstaðnum Ísafirði¹, dags. 26. janúar 1866.

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vørs trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins bréfs um að stofna byggingarnefnd á kaupstaðnum Ísafirði, þjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Á kaupstaðnum Ísafirði skal stofna byggingarnefnd. Í henni skulu vera bæjarfógetinn og 4 menn sem bæjarfulltrúarnir kjósa, og skulu 2 þeirra vera úr flokki fulltrúanna.

2. grein.

Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru skulu hafa starf sitt á hendi í 5 ár. Ef nokkur fer frá, einhverra hluta vegna, áður en 5 ár eru liðin, skal sá, sem kosinn er í hans stað, að eins hafa starf sitt á hendi þann tíma, sem hinn átti eptir í nefndinni, þegar hann fór frá.

3. grein.

Nefnd þessi á hær eptir samkvæmt tilskipun 17. nóvemberm.

1) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1865 II, 99.—104. bls. og 230.—231. bls.

1786 5. grein að taka til húsastæði til allra nýrra húsa, er byggja skal, svo og til jurtagarða, ef enn virðist vera rúm fyrir þá á lóð kaupstaðarins. Síðan lætur bæjarfógetinn mæla hlutaðeigendum út lóðir þessar; eiga þeir svo að umgirða þær og nota innan tveggja ára; annars falla þær aptur til kaupstaðarins.

Til þess að kaupstaðurinn hér eptir geti orðið byggður eptir ákveðinni reglu, ber nefndinni enn fremur að ákveða, hvar auð svæði megi vera, og hvar leggja skuli strætinn; á bæjarfógetinn í því skyni að gefa nefndinni skýrslu um þær lóðir, er sýslumaðurinn áður hefir mælt út; skal nefndin svo rita þær í sérstaka bók, og svo lóðir þær, er hún sjálf úthlutar. Kostnað þann, er leiðir af að útvega bók þessa og aðrar þær embættisbækur, er nefndinni kynni þykja viðþurfa til að rita í gjörðir sínar og bréf, skal greiða úr bæjarsjóðnum.

4. grein.

Til þess að koma á betri reglu um húsabyggingar á kaupstaðnum og komast hjá hættu af húsbruna, ber nefndinni að gæta þess, er nú skal greina:

- A. Ef nefndinni þykir þurfa að breiðka eitthvert stræti, eða þoka einhverju eldra húsi aptur á við, til betri varnar við húsbruna, eða til að fá greiðari veg um verzlunarstaðinn, þá skal sérhver sá, sem úthlutað hefir verið óbyggð lóð, er veit að stræti, skyldur til að láta af hendi svo mikið af lóð þessari, sem þurfa þykir til þess strætið verði nógu breitt, og skal einnig sá, er húsið á, vera skyldur til, þegar hann byggir upp húsið á ný að færa það aptur á við eins og þarf; þó skulu þeir fá endurgjald fyrir það, skal nefndin meta það eptir stærð og verði alls byggingarsvæðisins og rýrnun þeirri, sem það hefir orðið fyrir, við það að af því hefir verið tekið eður hús flutt aptur á við, og skal greiða kostnað þann, sem af því rís, á sama hátt og gjöldin til hinna eiginlegu bæjarþarfa. Sè nokkur óánægður með endurgjald það, sem nefndin hefir ákveðið, getur hann lagt málið undir úrskurð amtmannsins.
- B. Þess ber grandgæfilega að gæta þá er byggð eru ný hús, þar sem áður var autt svæði, að þau hvergi nái saman við hús þau sem í grennd eru, og skal ávallt vera 10 álna autt svið frá hinu nýja húsi að næsta húsi í grennd við það; þó má á þessu svæði byggja grindur eður aðrar girðingar, þær er skjótlega mætti niðurbjóta ef húsbruni kæmi fyrir.

- C. Þegar byggja skal nýtt hús, á nefndin að ákveða takmarkalínu þess út til strætisins, og aðrar reglur, sem henni þykir þurfa að gæta við byggingarlag hússins, bæði að utan og innan, til tryggingar mót húsbrúna. Enn fremur ber nefndinni að gæta þess svo sem verður, að iðnaðarmenn þeir, er hafa þá atvinnuvegi, er óttast mætti að hljótast kynni húsbruni af, fái hússtæði á afviknum stöðum. Svo skal nefndin og hafa stöðugt gætur á öllum nýjum húsum, meðan þau eru í smíðum og sèr í lagi hæð undir loptum. Einnig á hún að hafa umsjón með aðalviðgjörðum á húsum og gæta þess nákvæmlega, að þeir, sem hlut eiga að máli, hlýði grant reglum þeim, sem þeim eru settar.
- D. Sérhver sá sem ætlar að byggja hús af nýju, eða breyta húsi, eða gjöra talsverðar umbætur á því, á, áður en hann byrjar á því, að gefa nefndinni það til vitundar, og fá skriflegar ákvarðanir hennar um það, hvort hann megi byggja, og eptir hverjum reglum, að því leyti sem snertir augnamið það, sem um er getið í greininni C hér á undan.
- E. Ef nokkur byrjar á húsasmíði, áður en þessa sè gætt, þá á bæði hann og meistari sá, er á hlut að máli, að greiða í bæt-ur frá 5 rd. til 25 rd. til fátækra á þeim stað, eptir úrskurði lögregludómsins; hinn fyrr nefndi verður einnig að sæta því, að húsið sè rífið niður á hans kostnað, að því leyti sem það eigi er lagað eptir þeim reglum, sem nefndin álitur að fylgja hefði átt við smíðið; og skal bæjarfógeti, ef hann kemst að því, að byrjað er á smíði nokkru, sem nefndin þarf að veita samþykki sitt til, en það hefir eigi verið útvegað, undir eins banna að halda því áfram. Sömu bætur skal sá og greiða, sem að öðru leyti gjörir sig sekan í broti gegn reglum þeim, sem nefndin hefir sett honum um byggingu eða viðgjörð húsa, samkvæmt því sem hér að framan er ákveðið; þó má eptir málavöxtum lækka bæturnar allt að 2 ríkisdöllum; má og rífa þann hluta hússins, sem eigi er lagaður eptir reglum þeim, er settar voru.

5. grein.

Það sem ákveðið er í reglugjörð þessari skal einnig gilda um hús þau á lóð kaupstaðarins, sem eru byggð með torfþaki og torfveggjum, og jurtagarða þá, er til þeirra heyra, að því leyti sem það getur við átt.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Lög um, hvernig reikna skuli eptirlaun Helga G. Thordersens, byskups yfir Íslandi, dags. 16. febrúarmán. 1866.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Launaviðbót sú, 800 rdl. að upphæð, sem Helga G. Thordersen, byskupi yfir Íslandi, riddara dannebrogssorðunnar og dannebrogsmanni, ber samkvæmt 1. grein staflíð B í lögnum frá 19. degi janúarmánaðar 1863 um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, skal tekin til greina sem launaviðbót, er veitt hafi verið honum sjálfum, þá er hann fer frá embættinu og reiknuð verða út eptirlaun þau, sem honum bera.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Lög um, að endurskoðuninni á lögnum frá 19. degi janúarmánaðar 1863, um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, skuli skotið á frest, dags. 16. febrúarmán. 1866.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Endurskoðuninni á lögnum frá 19. degi janúarmánaðar 1863 um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, sem skipað er fyrir um í lögum þessum, skal skotið á frest þannig, að þau skulu endurskoðuð fyrir lok fjárhagsársins 1867—68.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Ástæður fyrir lögum þessum:

Í 5. grein í lögnum frá 19. degi janúarmán. 1863, um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, er svo fyrir skipað, að endurskoða skuli lög þessi í síðasta lagi fyrir lok fjárhagsársins 1865—66. Samkvæmt ákvörðun þessari lagði dómsmálastjórnin svo fyrir, að konungsfulltrúi gæfi alþingi, er haldið var í sumar er leið, færi á að ihuga málefni þetta og segja álit sitt um það, ef þinginu litist svo. Eptir að alþingi samkvæmt þessu hafði tekið málið til meðferðar á lögskipaðan hátt, sendi

það stjórninni þegnlegt álitsskjal¹ sitt um það, og er aðalefni álitsskjalsins, að launabót sú og annað fè, sem embættismönnum á Íslandi var veitt með lögunum 19. jan. 1863, haldist framvegis eptir grundvallarreglunum í frumvarpi því, sem lagt var fyrir ríkisþingið 1862, og sem lög þessi voru byggð á, og að launabót þessi veiti eptirleiðis sama rétt til biðlauna og eptirlauna, sem föst embættislaun.

En eins og stjórninni hefir þótt bezt hlýða að leita samþykkis ríkisþingsins til þess, að endurskoðun þeirri, sem skipað er fyrir um í lögunum 31. marzmán. 1860 um laun embættismannanna í stjórnarráðum konungsríkisins, og í báðum launalögum frá 19. febrúarmán. 1861, verði skotið á frest, eins hefir stjórnin álitid réttast að stinga upp á, að sleppt sé nú sem stendur að endurskoða lögin 19. jan. 1863. Eins og sjá má á álitsskjali nefndar þeirrar, er sett var í þjóðþinginu til að íhuga frumvarp stjórnarinnar til laga um laun handa ýmsum embættismönnum á Íslandi (sbr. Tíðindi frá 14. fundi ríkisþingsins, viðbæti B, 337. dálk), þótti ríkisþinginu ísjárvert, sökum óvissu þeirrar, er þá var um hvernig hagað yrði fjárhagssambandinu millum Íslands, og Danmerkur, að fallast á frumvarpið í því formi, sem það kom frá stjórninni, heldur réði það af að veita launabætur til bráðabyrgða. En eptir því, hvernig alþingi tók í frumvarp það, er lagt var fyrir það á síðasta fundi þess, um breytingu á fjárhagssambandinu milli Íslands og hins hluta ríkisins, er óvissan um það enn hin sama, og það getur því ekki þótt tiltækilegt nú sem stendur að fara að endurskoða launaákvarðanir þær, er einmitt af þessari ástæðu voru settar til bráðabyrgða. Þess vegna hefir þótt bezt við eiga að stinga upp á, að endurskoðuninni á launalögum þessum sé skotið á frest á sama hátt, og ákveðið hefir verið um hin launalögin, þannig, að hún fari fram fyrir lok fjárhagsársins 1867—68.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna á Íslandi, um að fjölga lækna-embættum, dags. 26. febrúar 1866.

Eins og yður mun vera kunnugt, herra (tit.), hefir alþingi, er

1) Sbr. Tíðindi frá alþingi 1865 II. 523.—526. bla.

haldið var árið sem leið, í einni af bænarskrám¹ sínum til konungs meðal annars beðið um:

1. að stofnuð verði 7 ný lækna-embætti á Íslandi, það er að segja: í Austur-Skaptafellssýslu, í Þingeyjarsýslu, í Barðastrandar- og Strandasýslum, í Borgarfjarðar- og Mýrasýslum, í Árnessýslu, fyrir Suðurnes og Gullbringusýslu, og í Norður-Múlasýslu;
2. að læknar þeir, sem skipaðir verða í þessi embætti, taki sér bólfestu á þeim stað í sýslu hverri, sem hentastur er eptir héraðsstærð og landslagi, og að bústaður þeirra verði ávallt tiltekinn í veitingabréfum þeirra;
3. að læknar þessir byrji með 400 rd. launum, er hækki um 100 rd. þriðja hvert ár, unz þau hafa náð 800 rd. upphæð;
4. að veitt verði úr ríkissjóði fyrst um sinn, unz fjárhagur Íslands er aðskilinn, það er hér til útheimtist;
5. að þeir 200 rd. úr hvers amts jafnaðarsjóði, sem samkvæmt konungsúrskurði 12. ágústmán. 1848 áttu árlega að borgast til kennslu fyrir hina svo kölluðu aðstoðarlækna, hér eptir verði árlega lagðir til eflingar læknakennslunnar í Reykjavík, þó svo, að læknar úr hinum ömtunum eigi heimting á þessu fê, ef þeir kenna nokkrum lækna-efnum eða aðstoðarlæknum; eða fáist það eigi, þá
6. að veittir verði enn fremur úr spítalásjóðnum 400 rd. til læknakennslu fyrst um sinn og 200 rd. um tvö ár til að kaupa fyrir verkfæri og bækur handa læknakennslunni.

Hvað konungsfulltrúi hefir sagt um þessi niðurlagsatriði bænarskráarinnar í álitsskjali sínu um málið, getið þér sèð af útdrætti þeim af álitsskjalinu, er fylgir með brèfi þessu.

Dómsmálastjórnin hlýtur fyrir sitt leyti að vera konungsfulltrúa samdóma bæði um það, hversu nauðsynlegt sè, undir eins og unnt er kringumstæðanna vegna, að gjörðar sèu ráðstafanir til að bæta úr læknaskortinum á Íslandi, og líka í skoðun hans um það, hversu langt menn fyrst um sinn geti farið í að bæta úr skorti þessum. Eins hlýtur dómsmálastjórnin að vera á sama máli og konungsfulltrúi þegar um það er að ræða, úr hvaða sjóði eigi að taka fê það, er með þarf til að koma þessu fram. En þar sem konungsfulltrúi samkvæmt bænarskrá alþingis hefir hugsað sèr, að bæta eigi úr læknaskortinum með því að stofna 3 eða 4 ný lækna-

2) Smbr. Tíðindi frá alþingi 1865 II, 529.—531. bls.

embætti, — þó að hann sé á því máli, að það sé lækna-sjóðurinn en ekki ríkissjóðurinn, sem leita verður til um fé —, þá er það álit dómsmálastjórnarinnar, að menn ekki á þenna hátt komi ætlun sinni fram. Þó ekki sé tekið tillit til þess, að þess eru fá dæmi, að konunglegum embættismönnum sé launað úr öðrum sjóði en ríkissjóðnum, er það athugavert um þetta, að ef stofnuð væru ný lækna-embætti, þá liggur beinlínis í því, að læknar þeir, er skipaðir yrðu í þau, hlytu að fá rétt til eptirlauna, og með því að ekki verður við því búizt, að lækna-sjóðurinn verði fær um að leggja til eptirlaun þau, sem upp á kynnu að koma, — þó aldrei nema að ætla megi, að árstekjur hans verði nógu miklar til þess, að taka megi af þeim laun handa 3 eða 4 nýjum héraðslæknum, auk annara gjalda, sem nú hvíla á þeim, eða seinna kunna verða lögð á þær — þá hlýtur það að varða ríkissjóðinn, hvort læknisembætti þessi verða stofnuð eður eigi, að minnsta kosti getur svo farið, og stjórnin yrði því að leita samþykkis ríkispingsins til þess, en eins og nú er ástatt með fjárhaginn, mundi það varla vera aðferðin til að koma þessum nýju embættum á. Aptur á móti álitur dómsmálastjórnin, að hinu sama, sem menn hafa ætlað sér með því að stinga upp á, að stofnuð séu þessi nýju læknisembætti, megi að mestu leyti koma til leiðar á þann hátt, að fengið sé samþykki konungs til, að veita megi 3 eða 4 kandiðötum í læknisfræði, er vildu setjast að í þeim hêruðum á Íslandi, þar sem mest þörf þykir vera á læknishjálp, og fást þar við lækningar, 400 rd. styrk á ári úr lækna-sjóðnum og fyrirheit um, að styrkur þessi skuli hækkaður um 100 rd. fyrir hver 3 ár, er þeir hafi fengizt við lækningar, þangað til hann er orðinn 800 rd.; og ætti þá sjálfsgt að mega fela læknum þeim, er fengi þessa borgun, störf þau á hendur, er annars hvíla á embættislæknum, ef að hlutaðeigandi héraðslæknir gæfi samþykki sitt til þess, og um vist tiltekið svið.

Uppástungur alþingis, sem tilfærðar eru hér að framan í 5. og 6. tölulíð, eru mjög nátengdar því atriði, sem hér hefir verið rætt um. Þar eð því sem sé ekki verður neitað, að, ef bæta ætti úr lækna-kortinum á þann hátt sem nú var bent á, yrði lækna-sjóðurinn varla fær um að leggja meira fram, þá liggur sú hugsun beint við, að fá fé það, sem enn þá vantar til lækna-kennslunnar hjá landlækninum, á þann hátt, að því 200 rd. tillagi úr hvers amts jafnaðarsjóði, sem talað er um í konungsúrskurði 12. ágústmán. 1848, sé varið til þess. En af því að menn hins veg-

ar hljóta að játa, að svo var til ætlazt með konungsúrskurðinum, að hvert amt um sig hefði beinlínis árangurinn af tillagi sínu, þá væri ihugunarvert, hvort ekki lægi enn þá beinna við, að 200 rd. tillaginu væri varið til að borga læknum þeim, sem talað var um hér að framan, þannig, að 200 rd. tillaginu úr jafnaðarsjóðunum fyrst væri varið til að borga með styrk þann, sem að ætti að gefa þeim fyririrheit um, og að það sem á vantaði, væri tekið úr læknasjóðnum, og að þar að auki væri borgað úr honum tillag það, sem enn þá þarf með til læknakennslu hjá landlækninum, eins og alþingi hefir stungið upp á til vara í 6. niðurlagsatriðinu hér að framan.

Að svo mæltu eruð þér beðnir um að skýra dómsmálastjórninni frá álitinu yðar um málefni þetta í heild þess, áður en lengra er farið út í það.

**Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna yfir vesturum-
dæminu og norður- og austurumdæminu, um breyting á 8.
grein í fátækrareglugjörðinni 8. janúarmán. 1834 um
kostnað við skylduflutning ómaga, dags. 27. febrúar 1866.**

Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefir skýrt frá í bréfi til stjórnarráðsins, að konungsfulltrúi á síðasta alþingi hafi samkvæmt ályktun þingsins afhent stiptamtinu bænarskrá¹, er þinginu hafði borizt úr Eyjafjarðarsýslu, þess efnis, að kostnaði þeim, sem eptir reglugjörð 8. janúarmán. 1834 8. grein um skylduflutninga hvílir á hverri sveit, verði eptirleiðis jafnað niður af hlutaðeigandi sýslumönnum eptir skýrslum hreppstjóranna á alla hreppa sýslanna eptir efnun og ástandi, og hafi konungsfulltrúi beiðzt þess, að málefni þetta væri borið upp fyrir stjórninni og úrskurður hennar fenginn um það. Um þetta hefir stiptamtmaður sagt, að það sé vafalaust, að fátækrareglugjörðin veiti ekki neina heimild til, að flutningskostnaði þeim, er hér ræðir um, sé jafnað niður á þann hátt, sem stungið er upp á í bænarskránni, en að hins vegar virðist vera ástæða til að breyta laga-ákvörðuninni um þetta, því að eins og landslagi er háttáð á Íslandi komi kostnaðurinn við ómagaflutninga mjög misjafnt niður á sveitir þær, sem að á að flytja ómagann yfir. Að vísu mundi kostnaður þessi koma jafnar niður

1) Sbr. Tíðindi frá alþingi 1865, II, 213. bls.

í hverri sýslu, ef með hann væri farið eins og stungið er upp á í bænarskránni, en aptur á móti kæmi hann að stiptamtmannsins hyggju allt eins ójafnt niður á sýslurnar eptir sem áður, og auk þess er athugavert, að eptir því sem lögin skipa fyrir um framfærslu fátækra, kemur hún (en í henni er ómagaflutningur einnig fólgin) ekki sýslunum við sem sýslum, heldur einasta hreppunum. Stiptamtmaðurinn hefir því stungið upp á sem hagfelldari breytingu á ákvörðun fátækrareglugjörðarinnar, að öllum kostnaðinum við flutning ómaga úr þeim hrepp, þar sem hann hefir átt heima, og í hreppinn, þar sem hann á sveit, sè skipt í 3 jafna parta milli þessara hreppa og hreppsins, sem ómaginn hefir verið fluttur yfir, þannig að hinn síðastnefndi hreppurinn annist flutninginn innan sinna takmarka, en fái þriðjung flutningskostnaðarins borgaðan af hreppnum, sem ómaginn er fluttur burtu úr, og þriðjung af hreppnum þar sem hann er sveitlægur. Auk þessa ætti að stiptamtmannsins hyggju að ákveða, hversu mikill flutningskostnaður sá, sem hinir hrepparnir ættu að endurgjalda á þenna hátt, mætti verða mestur, bæði sjálft flutningskaupið eptir vegalengd í dagleiðum, og eins borgun fyrir að fæða ómagann eptir dagafjölda, að svo miklu leyti sem það er ekki hreppnum sjálfum að kenna, að ómaginn hefir verið þar lengur en vera þurfti, því að stiptamtmaður álitur, að ef að kostnaðurinn við ómagaflutning væri ekki goldinn á þann hátt, mundi honum verða hagað með sem mestum sparnaði og hentasti tími árs notaður, þar sem alla, sem eiga að ákveða, hve nær flutningurinn eigi að byrja og halda áfram, varðar það jafnmiklu og framfærsluhreppinn.

En áður en lengra er farið út í þetta mál, eruð þér, herra amtmaður, beðnir að segja álit yðar um báðar uppástungur þessarar, og er yður sent eptirrit af bænarskránni, sem rætt hefir verið um hær að framan.

Auglýsing um, að Oddeyri sè lögð undir kaupstaðinn Akureyri, dags. 12. maí 1866.

Eptir þeirri heimild, sem dómsmálastjórninni til þess er veitt í 1. gr. í reglugjörð 29. ágústmán. 1862, um að gjöra verzlunarstaðinn Akureyri að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar, hefir stjórnarráðið samkvæmt tillögum hlutaðeigandi amtmanns og bæjarstjórnarinnar í greindum kaupstað úrskurðað, að Oddeyri, er svo

er nefnd, skuli framvegis heyra undir bæjarfélag og lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar.

Þetta gefst hér með öllum hlutaðeigendum til vitundar.

Bréf dómstjórinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi um að lögleiða á Íslandi hin nýju dönsku lög um sakamál, dags. 19. maí 1866.

Um leið og yður, herra stiptamtmaður, með bréfi þessu eru send nokkur exemplör af »Almindelig borgerlig Straffelov«, sem út hefir komið handa konungsríkinu 10. febrúarmán. þ. á., og af frumvarpinu til laga þessara með ástæðum, er lagt var fyrir ríkisþingið á fundum þess 1864—65, og 1 exemplar af tíðindum frá ríkisþinginu á fundum þess þau tvö ár, þá er lagafrumvarpið var rætt, eruð þér beðinn sem forseti í hinum konunglega íslenska landsyfírrétti, að ganga í nefnd með háyfirdómaranum og meðdómendunum í yfírréttinum, til þess að ihuga og senda síðan hingað álitsskjal yðar um, með hverjum breytingum gæti orðið umtalsmál, að lög þessi yrðu leidd í lög á Íslandi, og eruð þér sèr í lagi beðnir að ræða það atriði, hvort ekki mætti setja aðra hegningu, er betur ætti við, í staðinn fyrir vandarhaggarefsingu þá, sem beita á samkvæmt tilskipun 24. janúarmán. 1838, þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Opíð bréf um löggilding verzlunarstaðar við Brákarpoll, dags. 22. marz 1867.

Vjer Kristján hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum alþingis hefir Oss allramildilegast þóknazt að löggilda verzlunarstað á Borgarnesi við Brákarpoll í Mýrasýslu í Vesturumdæminu á Íslandi.

Fyrir því skal leyft að byggja sölubúðir og hafa fasta verzlun á þessum stað með þeim skilmálum, er segir í opnu bréfi 28. desembermánaðar 1836, og mega einnig innlendir og útlendir lausakaupmenn koma þangað til verzlunar, þegar þess er gætt, sem um það efni er ákveðið í nefndu lagaboði og í lögum 15. aprílmánaðar 1854 3. grein.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

**A u g l ý s i n g d ó m s m á l a s t j ó r n a r i n n a r u m a f n o t k r i s t f j á r j a r ð a ,
d a g s . 3 . m á í 1 8 6 7 .**

Út af bænarskrá alþingis 1859 um betri stjórn og afnot jarða þeirra á Íslandi, sem lagðar eru til guðspakka og nefndar eru kristfjárjarðir, hefir hans hátign konunginum þóknast samkvæmt uppástungu dómsmálastjórnarinnar 31. f. m. allramildilegast að úrskurða :

að þessar kristfjárjarðir :

1. Ketilstaðir í Jökulsárhlíð með hjáleigunum Eyjaseli og Bakkagerði ;
2. Fossvellir í Jökulsárhlíð ;
3. Kóreksstaðir með hjáleigunum Kóreksstaðagerði og Hjalla ;
4. Búlandsnes með hjáleigunum Bjargarrætt og Borgargerði ; og
5. Keldunúpur á Síðu.

skuli við leiguliðaskipta byggjast eins og aðrar jarðir fyrir ákveðið afgang, er renni í sveitarsjóð þann, sem í hlut á; en að ómaga-haldið, sem á þeim hefir hvílt, skuli með öllu aftekið, og að umsjón og byggingarráð greindra kristfjárjarða skuli falið á hendur hlutaðeigandi sveitarstjórn undir yfirstjórn sýslumanns og amtmanns.

Þetta birtist hér með öllum, sem hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

B.

VIÐBÆTIR.

Reikningur

yfir alþingiskostnaðinn 1865

og

yfirlit

yfir alþingiskostnaðinn 1867

samið af

Péttri Péturssyni

varaforseta á alþingi 1867.

I. Reikningur

yfir alþingiskostnaðinn 1865.

Eftir yfirliti yfir reikning þenna í viðbæti aptan við alþingis-
tíðindin 1865 41.—43. bls. var þegar 15. febr.

| | Rd. | Sk. |
|--|--------|-----|
| 1866 búið að ávísa og greiða upp í alþingis- kostnaðinn 1865 | 11,119 | 88 |
| Eftir þann tíma var ávísað og greitt: | | |
| Eptirstöðvar fyrir prófarkalestur | 59 | 64 |
| Ritnefndarlaun | 77 | » |
| Fyrir hepting alþingistíðindanna | 52 | » |
| — prentun og pappír | 370 | 22 |
| — stjórnartíðindi 1864 og 1865 | 1 | 16 |
| — ritstörf o. fl., er lýtur að forsetans verkum — forsetastörf frá 25. sept. 1865 til 23. Apríl 1866 | 12 | 8 |
| | 84 | » |
| Alþingiskostnaður 1865 samtals | 11,776 | 6 |

II. Yfirlit yfir alþingiskostnaðinn 1867.

1. Fæðispeningar og ferðakostnaður alþingismanna.

| | Fæðis- | Ferða- | Til samans. | |
|----------------------------------|-----------|------------|-------------|-----|
| | peningar. | kostnaður. | rd. | sk. |
| <i>A. Konungkjörnir.</i> | | | | |
| Pétur Pétursson | 219 | ” ” | 219 | ” |
| Jón Hjaltalín | 219 | ” ” | 219 | ” |
| Bergur Thorberg | 252 | 100 ” | 352 | ” |
| Jón Pétursson | 219 | ” ” | 219 | ” |
| Halldór Kr. Friðriksson | 219 | ” ” | 219 | ” |
| Sira Ólafur Pálsson | 219 | ” ” | 219 | ” |
| <i>B. Þjóðkjörnir.</i> | | | | |
| Arnþjófur Ólafsson | 279 | 137 ” | 416 | ” |
| Eiríkur Kúld | 252 | 100 ” | 352 | ” |
| Benidikt Sveinsson | 225 | 4 ” | 229 | ” |
| Björn Pétursson | 354 | 198 ” | 552 | ” |
| Hjálmur Pétursson | 249 | 35 ” | 284 | ” |
| Jón Bjarnason | 273 | 54 ” | 327 | ” |
| Jón Guðmundsson | 219 | ” ” | 219 | ” |
| Jón Sigurðsson frá Gautlöndum . | 300 | 120 ” | 420 | ” |
| Jón Sigurðsson frá Kaupmannahöfn | 459 | 140 ” | 599 | ” |
| Magnús Jónsson | 219 | ” ” | 219 | ” |
| Ólafur Sigurðsson | 264 | 56 ” | 320 | ” |
| Páll Jónsson Vidalín | 258 | 60 ” | 318 | ” |
| Páll Ólafsson | 354 | 201 ” | 555 | ” |
| Pétur Guðjónsson | 219 | ” ” | 219 | ” |
| Sighvatur Árnason | 255 | 35 48 | 290 | 48 |
| Stefán Eiríksson | 306 | 142 ” | 448 | ” |
| Stefán Jónsson | 276 | 74 ” | 350 | ” |
| Stefán Thordersen | 237 | 30 ” | 267 | ” |
| Sveinn Nielsson | 255 | 100 ” | 355 | ” |
| Sveinn Skúlason | 219 | ” ” | 219 | ” |
| Torfi Einarsson | 298 | 64 ” | 362 | ” |
| Samtals | 7117 | 1650 48 | 8767 | 48 |
| | | flyt | | |

| | fluttur | Rd. | Sk. |
|---|---------------|-------|-----|
| 2. Annar kostnaður. | | 8767 | 48 |
| Til innanþingssskrifara um þingtímann : rd. sk. | | | |
| Halldór Melsteð | 219 | | » |
| Ólafur Sigvaldason | 219 | | » |
| Páll Blöndal | 168 | | » |
| Þorvaldur Björnsson | 168 | | » |
| Páll Melsteð skrifari forseta | 252 72 | 1026 | 72 |
| Til 3 þingsveina | | 151 | 32 |
| — húsgæzlumanns fyrir þvott á þingsalnum og aðra gæzlu | | 76 | » |
| Til bókasafns þingsins : | | | |
| til bókakaupa | 100 rd. » sk. | | |
| — bókavarðar fyrir 1867 og 1868 | 40 — » — | | |
| fyrir að flytja safnið | 1 — 80 — | 141 | 80 |
| Fyrir ýmisleg ritstörf um og eptir þingtímann og samanlestur | | 669 | 66 |
| — prófarkalestur | | 220 | » |
| — þýðingar | | 505 | 72 |
| — að semja registur við bréfabók alþingis . | | 8 | » |
| — pappír, ritföng og fl. | | 93 | 40 |
| — hepting alþingistiðindanna | | 89 | 24 |
| — smíðar í þarfir alþingis og fl. | | 136 | » |
| — prentun og pappír á þingtiðindunum og fl. | | 1738 | 55 |
| Ritnefndarlaun | | 60 | » |
| Er því nú þegar ávísað samtals | | 13684 | 9 |

Hið helzta sem bætist við kostnað þann, er nú var talinn, eru eptirstöðvar þeirra útgjalda, er útgáfa alþingistiðindanna hefir í för með sér 460—480 rd., svo og laun fyrir forsetastörf frá 19. okt. f. á. og ýmsar skriptir þar að lútandi nálægt 40 rd. Þannig má ætla á, að alþingiskostnaðurinn 1867 muni verða um 14,200 rd. og eigi verða mikið meiri.

Reykjavík 20. febrúarmán. 1868.

P. Pjetursson.

C.

VIÐBÆTIR.

Reikningur

yfir alþingistollinn árið

1866.

Samkvæmt reikningum sýslumanna yfir þann hluta alþingistollsins, sem árið 1866 átti að gjalda samkvæmt opnu bréfi af 18. júlí 1848 og 2. marz 1848 er endurgjald alþingiskostnaðarins að upphæð, sem hér greinir:

| S ý s l u r. | | Rd. | Sk. |
|---|---------------------------------|---------|-----|
| 1. | Borgarfjarðar | 204 | 12 |
| 2. | Reykjavík | 12 | 74 |
| 3. | Gullbringu- og Kjósar | 293 | 25 |
| 4. | Árness | 466 | 20 |
| 5. | Rangárvalla | 383 | 50 |
| 6. | Vestmannaeyja | 71 | 20 |
| 7. | Skaptafells | 165 | 30 |
| 8. | Suðurmúla | 141 | 21 |
| 9. | Norðurmúla | 213 | 59 |
| 10. | Þingeyjar | 340 | 66 |
| 11. | Eyafjarðar | 436 | 75 |
| 12. | Skagafjarðar | 447 | 9 |
| 13. | Húnavatns | 394 | 13 |
| 14. | Stranda | 100 | 9 |
| 15. | Ísafjarðar | 240 | 71 |
| 16. | Barðastrandar | 265 | 86 |
| 17. | Snæfellsness | 186 | 13 |
| 18. | Dala | 214 | 33 |
| 19. | Mýra- og Hnappadals | 234 | 20 |
| Samtals | | 4811 | 34 |
| <p>Á lausaféð er þar á móti með bréfi stiptamtsins af 19. marz 1866 jafnað:</p> | | | |
| | | rd. sk. | |
| a. í Suðuramtinu á 17,719 <i>or</i> | | 465 20 | |
| b. í Vesturamt. á 9,962 <i>or</i> | | 261 65 | |
| c. í Norðuramt. á 29,432 ¹ / ₂ <i>or</i> | | 773 11 | |
| | | 1500 | " |

Íslands stiptamt Reykjavík, 19. júlí 1867.

Hilmar Finsen.

Leiðrétting.

Í síðari parti alþingistíðindanna bls. 549 hefir orðið sú villa, að undir bænarskránni til konungs í læknaSKIPUNARMÁLINU stendur Jón Hjaldalín; en á að standa Halldór Kr. Friðriksson, sem var samningsmaður bænarskráarinnar.